



Brunabótavirðingar

Lýsingabók Nr. 7 Grundarstígur – Hafnarstræti

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

LÝSINGABÓK NR. 7 GRUNÐARSTÍGUR - HAFNARSTRÆTI

Gata og númer:

Grundarstígur 2.

Möt framkvæmd: 2/12/1941.	Metið kr.
<p>Íbúðar- og verzlunarhús, þrilyft, með 2 kvistum og 4 sluggakvistum og risi, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasíðu og pappa á milli. Kjallari er undir ca. $\frac{1}{2}$ húsinu. Í húsinu eru $3\frac{1}{2}$ loft úr járnþentri steinsteypu, en kjallargólf og gólf $\frac{1}{2}$ neðstu hæðarinnar, sem og skilveggir aðal hæðanna eru úr steinsteypu, allt sementssléttað innan. Á neðstu hæðinni eru 3 sölubúðir, með venjulegri búðarinnréttingu, geymsluherbergi, 2 anddyri og opin gangur. Búðirnar og anddyrin eru máluð. Á 2. og 3. hæð er sama herbergjaskipun, 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi, með v.s., 2 anddyri og gangur á hvorri hæð fyrir sig. Innan á útveggjum þessara hæða er borðagrind, með pappa í listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Á þaklyfti eru 8 íbúðarherbergi, v.s., 2 anddyri og 2 gangar. Skilveggir eru þar ýmist úr steinsteypu, eða binding, með tvöföldum þiljum. Þiljað er einnig neðan á skambita, innan á þaksperrur og útveggi. Þiljur eru allar strigalagðar og hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð. Veggsvaflir eru 3 á húsinu, sín út frá hvorri hæð. Gólf búðanna og gangur efstu hæðarinnar eru ýmist flísalögð/^{eða}með "Fama"-yfirsteypu. Postulínsflísar eru á baðherbergjaveggjum og í eldhúsum, ein og venja er til. Kjallari er undir hér um bil $\frac{1}{2}$ húsinu. Þar eru miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi, 3 geymsluherbergi, v.s. og gangur. Stigar hússins eru úr timbri.</p> <p>Stærð: Meðall. 10.5 m. meðalbr. 12.0 m. h. 9.9 m. ris 2.6 m. (kjh. 2.0 m.) Kj.st: L. 10.5 m. br. 6.0 m. h. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>147.060.-</p>

Möt framkvæmd: (1/7/1941.) (9/6/1945.) 12/10/1950.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og skólahús, þrifyft, með 2 stórum kvistum og 2 gluggakvistum, porti og risi, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Á neðstu hæðinni eru skólastofa, v.s., anddyri og þvottaherbergi. Á miðhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Á efstu hæðinni er sama herbergja-skipun. Á þaklyfti eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., geymsluherbergi, 4 fastir skápar og 2 gangar. Úr járnþentri steinsteypu eru 3 loft hússins. Gólf neðstu hæðarinnar, sem og allir skilveggir aðalhäðanna eru úr steinsteypu. Innan á öllum útveggjum er 2" timburgrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga, vélapappír. Skilveggir efstu hæðarinnar eru úr binding, með tvöföldum þiljum og borðaklæðning er neðan á skambitum innan á þaksperrum og útveggjum. Allt þetta er einnig strigalagt og allað íbúðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Veggvalir eru úr steinsteypu. Þar eru út frá efstu hæðinni á vesturhlíð hússins. Allir stigar eru úr timbri. Húsið er allt sementssléttuð utan.</p>	
Stærð: L. 9.5 m. br. 9.1 m. h. 9.8 m. ris 2.7 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	72.950.-
<p>b. Geymsluskúr er við húsið, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í neðri hæð skúrsins eru 3 geymsluherbergi, en efri hæðin er þurkhús.</p>	
Stærð: L. 5.1 m. br. 2.0 m. h. 4.0 m. skáþak.	
Skúrinn er virtur á.....	1.230.-
Samtals	74.180.-
=====	
<p>Húsinu hefir verið breytt frá síðasta mati 1/7/1941.</p>	
<p>Íbúðar- og skólahús, tvílyft, með risi og porti, 2 stórum kvistum og 2 gluggakvistum, byggt úr steinsteypu með þaki úr timbri, pappa og járn, 3 loft eru úr járnþentri steinsteypu, en gólf neðstu hæðar og allir skilveggir aðalhäðanna eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á öllum útveggjum er 2" timburgrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír. Skilveggir rishæðar eru úr bindingi með tvöföldum þiljum og borðaklæðning er neðan á skambitum, innan á þaksperrum og útveggjum. Allt þetta er einnig strigalagt og íbúðin ýmist veggfóðruð eða máluð. Í neðri hæðinni, þar sem áður var íbúð, er nú trésmíðavinnustofa. Hurðir og dyraumbúnaður hefir verið tekinn burt og dyraop víkkuð í skilrúnum. Eldhúsútbúnaður, eldavél og eldhúsborð tekið burt. Þar eru 4 samliggjandi vinnuherbergi með 2 hefilbekkjum og 2 rafknúnum vinnuvélum. Engir dúkar eru á gólfum þessarar hæðar.</p>	

Gata og númer:

Grundarstígur 2 a.

Möt framkvæmd: frh.	Metið kr.
<p>I 2. hæð hefir verið breytt á sama hátt. Þar er nú bókbandsvinnustofa og leðuriðja og annað smádútl. Þar eru dúkar á gólfum og nokkrir fastir skápar, þar sem áður var eldhús. I rishæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, þvottaherbergi, 4 fastir skápar og 2 gangar. I þvottaherberginu er steipt yfir gólf, leirflísar upp á miðja vegg; þar baðker, v.s., vaskur og þvottavél. Loftið og sá hluti veggja, sem ekki er flísalagt er málað. Veggsvaíir eru úr steinsteypu, út frá rishæðinni á vesturhlíð hússins. Allir stigar eru úr timbri. Húsið er allt sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 9.5 m. br. 9.1 m. h. 9.8 m. ris 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 232.800.-</p> <p>b. Skúr, er áður var þvottaskúr, er nú klæddur innan með trétexi, bæði loft og veggir, allt málað. Hann er hólfaður í þrennt. Þar er handmálningar-kennsla uppi, en geymsla og þurrkherbergi niðri.</p> <p>Stærð: L. 5.1 m. br. 2.0 m. h. 4.0 m. skápak.</p> <p>Skúrinn er virtur á..... 8.200.-</p> <p>c. Áfast við nefndan skúr er byggður annar skúr, úr steinsteypu, bæði veggir, loft og gólf. Innan á útveggjum hans er tjörupappi á listum og þar yfir trétex, málað. Timburgólf er þar yfir steinsteypugólfinu. I skúr þessum er miðstöðvarhitun og fer þar fram smíðakennsla.</p> <p>Stærð: L. 4.0 m. br. 4.2 m. meðalh. 2.3 m.</p> <p>Skúrinn er virtur á..... 7.400.-</p> <p style="text-align: right;">Samtals 248.400.-</p>	
<hr/>	
Virt 12/10/1950.	
Húsið er óbreytt að mestu frá síðasta mati 9. júní 1945.	
A. Íbúð- og handíðaskóli: L 9.5 m. br. 9.1 m. h. 9.8 m. ris 2.7 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	387.300.00
B. Vinnustofa : L 5.1 m. br. 2.0 m. h. 4.0 m. skápak.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	12.300.00
C. Vinnustofa : L 4.0 m. br. 4.2 m. mh. 2.3 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	11.600.00
Samtals krónur	411.200.00✓

Gata og númer: Grundarstigur 2 A. frh.

Möt framkvæmd: 25/11 1980.	Metið kr.
<p>Frá síðasta mati hafa verið gerðar ýmsar endurbætur á húsinu.</p> <p>Tvöfalt gler í alla glugga, nýtt þak, Endurnýjaðar tvær íbúðir í húsinu.</p> <p>Óskast matið hækkað til samræmis við það.</p> <p>Stærðir eru óbreyttar - 960 m³ - 41,0 m³ - 39,0 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á..... kr. <u>79.354.000</u></p>	

Gata og númer:

Grundarstígur 3.

Möt framkvæmd: 21/2/1934.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með 2 kvistum, vasi og kjallara, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum, pappa, listum og jární á 3 vegu og baki, en eldvarnarveggur er sunnanvert við húsið. Innan á binding er pappi og milligólf er í báðum bitalögum. Á aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., allt þiljað, með pappa á veggjum, en striga og papp-ír á loftum, allt málað. Á rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, gangur og 1 fastur skápur, allt þiljað og með sama frágangi eins og er á aðalhæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir $\frac{1}{2}$ húsinu, hinn helmingur kjallarans er með timburgólfi. Í honum eru 4 geymsluklefar, baðklefi, 2 herbergi, eldhús og gangur.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 6.9 m. h. 3.8 m. ris 3.0 m. kjh. 2.3 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurgöfl hússins, byggður eins og það. Í honum eru 2 gangar.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 1.9 m. h. 3.0 m. skápak, kjh. 2.3 m.</p> <p>Inngönguskúr er við austurhlíð hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 2.5 m. h. 2.5 m. skápak, kjh. 2.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>13.386.-</p>

Gata og númer:

Grundarstígur 4.

Möt framkvæmd: 21/10/1937.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, þrílyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa, listum og borðasúð. Bakhlíð hússins er fjórlyft. Á neðstu hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s. og gangur. Gólf, loft og skilveggir eru úr steinsteypu, sementssléttaðri. 2 skilveggjabútar eru úr binding, vírlagðir og sementssléttaðir. Innan á útveggjum er plankabindingur með pappa í og listum þar innan á. Vírnet er svo strengt á veggina og þeir sementssléttaðir eins og skilveggir og loft eru. Allt er ýmist veggfóðrað eða málað. Á þessari hæð er opinn gagnur í gegnum húsið. Á 2. og 3. hæð er sama herbergjaskipun og sami frágangur eins og á neðstu hæðinni. Á efstu hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, steypibaðklefi m/v.s. og gangur allt með sama frágangi eins og á hinum öðrum hæðum hússins. Kjallari er undir ½ húsinu með steinsteypugólfi. Þar er miðstöðvarherbergi, 2 geymsluherbergi, þvottaherbergi og gangur.</p>	
Stærð: L. 9.6 m. br. 9.0 m. meðalh. 10.5 m. meðalris 2.0 m.	
Kj.st: L. 4.8 m. br. 9.0 n. h. 2.0 m.	
Inngönguskúr er við vesturhlíð hússins, byggður að öllu leyti eins og það. Stigar eru úr steinsteypu. Þaksvalir eru á skúrnum og allt er húsið múrhúðað uta.	
Stærð: L. 3.0 m. br. 3.5 m. h. 9.7 m. skáþak, kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	59.000.-
b. Geymsluskúr er byggður á sömu lóð úr steinsteypu, bæði veggir, þak og gólf. Á neðri hæð hans eru 2 geymsluherbergi, en uppi er þurkherbergi.	
Stærð: L. 5.2 m. br. 1.8 m. h. 4.5 m. skáþak.	
Skúrinn er virtur á.....	380.-
c. Geymsluskúr, byggður eins og litra b.	
Stærð: L. 1.4 m. br. 1.8 m. h. 2.4 m. skáþak	
Skúrinn er virtur á.....	100.-
Samtals	59.480.-
=====	=====

Gata og númer:

Grundarstígur 5.

Möt framkvæmd: 1/2/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr binding, klætt utan borðum, pappa, listum og járni þar yfir, á veggjum og þaki. Á neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað, pappalagt og málað. Á efri hæðinni er sama herbergjaskipun og allur frágangur eins og á neðri hæðinni. Á ris-hæðinni er 1 íbúðarherbergi, þiljað og málað, geymsluherbergi og framloft. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, allt þiljað og málað. Þar er einnig gangur og geymsluskápur.</p> <p>Stærð: L. 6.9 m. br. 6.9 m. h. 5.7 m. ris 2.7 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Inngönguskúr er byggður eins og húsið.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 3.8 m. h. 5.3 m. ris 0.9 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	62.400.-
<p>b. Geymsluhús og skósmíðavinnustofa, úr binding, klætt utan með plögðum borðum og steinsteypu þar yfir. Þak er úr járni á plögðri súð. Steinsteypugólf er í húsinu og loft úr borðum.</p> <p>Stærð: L. 11.4 m. br. 5.2 m. h. 2.7 m. ris 1.8 m.</p> <p>Húsið, er virt á.....</p>	19.520.-
<p>Samtals</p> <p>=====</p>	81.920.-

Gata og númer:

Grundarstígur 5 a.

Möt framkvæmd: (30/10/1944.) 15/10/1952.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan plögðum borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í útveggi er múrað í binding. Á aðalhæðinni er 1 íbúðarherbergi, eldhús, gangur 3 fastir skápar. Á rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi og gangur. Allt er húsið biljað innan og ýmist veggfóðrað eða málað innan. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar er geymsla.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 3.8 m. h. 3.1 m. ris 1.9 m. kjh. 1.6 m.</p> <p>Inngöngu- og geymsluskúr, byggður eins og húsið. Þar eru 1 geymsluherbergi, gangur og v.s.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 2.0 m. h. 2.8 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er ivrt á.....</p>	<p>30.000.-</p>
<p><u>15/10/1952.</u></p> <p>Húsið hefir tekið þeirri breytingu frá síðasta mati 30/10. 1944, að ný viðbygging hefir verið reist við það úr hlöðnum steini, slétthúðað og kremborin utan, vikurklædd innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujární. Á hæðinni eru nú 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa m/stigagangi og fastur fataskápur, allt málað og dúklegt. Á þakhæð eru 3 íbúðarherbergi og stigaforstofa, allt málað og dúklegt; ennfremur geymsla.</p> <p>Stærð hússins nú: L 8.0 br. 6.4 h. 3.3 ris 1.8 = 215.04 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>107.500.00^v</p>

Gata og númer:

Grundarstígur 5 b.

Möt framkvæmd: (1/6/1941.) 25/6/1947.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og bárujárnri á veggjum og þaki. Á neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Tjörupappi er í binding og allt er húsið þiljað innan og neðan á loftbita, með plægðum panelborðum. Allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Á efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og á neðri hæðinni. Milligólf er í báðum bitalögum, með pappa og sagspónastoppi á milligólfanna. Stigi er úr timbri. Eldvarnarveggur er úr steinsteypu, við norðurgafli hússins. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi. Þar eru 3 geymsluklefar og þvottaherbergi.</p> <p>Stærð: L. 7.2 m. br. 7.8 m. h. 6.0 m. ris 1.0 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>28.570.-</p>
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1/6/1941.</p> <p>Íbúðarhús: L. 7.2 m. br. 7.8 m. h. 6.0 m. ris 1.0 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>113.000.-</p>
<p><u>Virt 30/4/1958</u></p> <p>Frá síðasta mati 25/6/1947 hafa orðið eftirtaldir bæytingar á húsinu.</p> <p>Á 1. hæð hafa verið settir innbyggðir skápar og er hæðinni vel við haldið.</p> <p>Á 2. hæð hafa verið settir nýir innbyggðir skápar, v. s. og nýjar eldhúsinnréttingar.</p> <p>Viðhald er gott.</p> <p>Í kjallara eru nú 3 íbúðarherbergi, v. s. og handlaug. Allt málað og dúklagt. Að öðru leyti er kjallarinn óbreyttur,</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A. L. 7.2m., br. 7.8m., h. 6.0m., ris. 1.0m., kj. 1.9m., Alls 471.74m³ kr. 386.800</p> <p>Hjallur sem áður var ómetinn, er nú tekinn inn í mat hússins. Er hann úr timbri m/rimlahliðum, timburgólfi og þaki úr bárujárnri.</p> <p>B. Stærð kjallrans. L. 3.0m., br. 2.5m., h. 2.2m., Alls 16.50m³ kr. 3.300</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á..... Alls kr. 390.100</p>	<p>386.800</p> <p>3.300</p> <p>390.100</p>

Gata og númer:

Grundarstígur 6.

Möt framkvæmd: (21/2/1942.) (25/9/1945.) (16/11/1950.) 12/12/1951.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og járni þar yfir og með járnþaki á plögðri borðasúð, með pappa á milli. Innan á binding er pappi og milligólf er í öllum bitalögum. Á neðri hæð hússins eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og fastur skápur, sem er allt þiljað og herbergin með striga og pappir á veggjum og loftum, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Á efri hæðinni er sama herbergjaskipun og sami frágangur eins og á neðri hæðinni. Á rishæðinni er 1 íbúðarherbergi, geymsluherbergi og framloft, allt þiljað og málað. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar eru 4 geymsluherbergi, þvotta-herbergi og gangur.</p>	
Stærð: L. 8.2 m. br. 7.5 m. h. 6.3 m. ris 2.0 m. kjh. 2.4m.	
Inngönguskúr er við suðurgafli hússins, með eldvarnarvegg að sunnanverðu, en að öðru leyti byggður eins og húsið. Þaksvalir eru á skúrnum.	
Stærð: L. 2.8 m. br. 3.1 m. h. 5.7 m. skábak, kjh. 2.4 m.	
Inngönguskúr er við vesturhlíð hússins, byggður eins og það.	
Stærð: L. 2.2 m. br. 2.8 m. h. 5.7 m. skábak, kjh. 2.4 m.	
Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....	61.750.-
=====	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 21/2/1942.	
Stærð aðalhússins: L. 8.2 m. br. 7.5 m. h. 6.3 m. r. 2.0 m. kjh. 2.4 m.	
" inngöngusk: L. 2.8 m. br. 3.1 m. h. 5.7 m. kjh. 2.4 m.	
" inngöngusk: L. 2.2 m. br. 2.8 m. h. 5.7 m. kjh. 2.4 m.	
Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....	169.000.-

Virt 16/11/1950.	
<p>Húsið er óbreytt að stærð frá síðasta mati 25. september 1945, en hefir talsvert verið umbætt, svo sem útbúið baðker og sett terrasso á baðherbergis- og forstofugólf, smíðaðir skápar í eldhús, allt á báðum hæðum, 4 nýjar hurðir smíðaðar á neðri hæð með slípuðum glerjum í og 5 samskonar á efri hæð, báðar hæðir veggfóðraðar og málaðar, allt húðið málað utan og rifinn stigi milli hæðanna, en nýr stigi úr stáli settur utan á húsið í staðinn.</p>	
Ibúðarhús : L 8.2 m. br. 7.5 m. h. 6.3 m. ris 2.0 m. kj. 2.4 m.	
Inngönguskúr: L 2.8 m. br. 3.1 m. h. 5.7 m. kj. 2.4 m.	
do : L 2.2 m. br. 2.8 m. h. 5.7 m. kj. 2.4 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....	286.700.00

Gata og númer:

Möt framkvæmd: 12/12/1951.

Metið kr.

Húsið hefir frá síðasta mati 16. nóvember 1950 fengið miklar umbætur. Á neðri hæð terrasso á forstofugólf, 4 hurðir nýjar m/slípuðum glerjum, 3 hurðir nýjar m/óslípuðum glerjum og 2 hurðir sléttar, nýtt baðherbergi m/v.s., kerí, handlaug, speglum, opalgleri á veggjum og terrassó á gólfi, allt eldhúsið innréttað m/skápum, borðum, vaski, flísuðu gólfi og opalgleri á veggjum neðan til, veggsvallir út af bakdyrum m/geymsluplássi undir og járnvindustiga upp á efri hæð, gluggum breytt og þeir endurnýjaðir, allt veggfóðrað, strigalagt og málað. Á efri hæð 5 nýjar hurðir m/slípuðum glerjum, 2 hurðir m/óslípuðum glerjum og 3 hurðir sléttar; allt annað endurnýjað eins og á neðri hæð. Á þakhæð hefir allt verið málað, einnig gólfíð. Kjallarinn hefir allur verið endurbyggður. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., 2 forstofur, 1 fastur skápur, 5 glerhurðir, 2 útihurðir, 4 nýir gluggar, terrassó á báðum forstofum, baðherbergi og eldhúsi, annars allt málað og dúklagt; ennfremur þvottahús, hitaveitu- og kolamiðstöðvarherbergi endurbyggt og 3 geymslur. Allar raflagnir í húsinu endurnýjaðar. Allt húsið málað utan og bárujárn endurnýjað eftir þörfum. Ný girðing úr járni kringum alla baklóðina.

Íbúðarhús	: L 8.2 br. 7.5 h. 6.3 ris 2.0 kj. 2.4	= 596.55 m ³
Inngönguskúr:	L 2.8 br. 3.1 h. 5.7 kj. 2.4	= 70.31 m ³
do	: L 2.2 br. 2.8 h. 5.7 kj. 2.4	= 49.90 m ³
		<u>716.76 m³</u>

Húsið, ásamt inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....

322.500.00 /

Gata og númer:

Grundarstígur 7.

Möt framkvæmd: (21/3/1940.) 24/6/1948	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, með kvisti, veggsvölum, risi, einlyft, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á 3 vegu. Norðurstafn hússins er eldyarnarveggur. Í útveggi er fyllt með sagi og milligólf er í báðum bitalögum. Á aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og 2 fastir skápar, allt þiljað og herbergin meðstriga og pappír á veggjum og loftum, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Á rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt með sama frágangi eins og er á aðalhæðinni.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 7.5 m. h. 3.1 m. ris 3.1 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurgafli hússins, byggður eins og það. Þar eru 2 gangar.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 3.5 m. h. 3.1 m. skápak.</p> <p>Viðbygging er við austurhlið hússins, byggð eins og það. Þar er smíðarherbergi og geymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 5.7 m. br. 3.8 m. h. 2.8 m. ris 1.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr, viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	16.824.-
<p>24/6/1948</p> <p>Húsið hefir verið breytt frá síðasta mati 21. marz 1940. Það hefir verið hækkað og byggt við það, svo að nú er það 2 hæðir, ris og kjallari, allt byggt úr timbri, múrhúðað utan með marmarasalla, klætt innan texti og timbri og með þaki úr timbri, pappa og asbesti. Á neðri hæð er stór stofa og minna herbergi, eldhús, anddyri, innri forstofa og fatakrókur, stofan mahognypiljuð upp á miðja vegg og með 2 mahognyskápum, allt annað múrhúðað og málað og öll gólf dúklögð. Á efri hæð eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/keri og v.s., stigagangur og stór innri forstofa, fatakrókur og 2 fastir skápar, allt múrhúðað, málað og dúklagt. Veggsvalir eru á báðum hæðum. Útbygging er við húsið úr steinsteypu með skásettu asbestþaki, þar er inngangur í kjallara og báðar hæðir og eru báðir stigarnir steinsteypdir. Þakhæðin er óinnréttuð og ónothæf. Í kjallara er v.s. m/handlaug, þvottahús með steypibaði, þurrkhús með hitaveitulögn, 2 geymslur, anddyri og innri gangur, allt múrhúðað.</p> <p>Stærð hússins: L 7.5 m. br. 7.5 m. h. 5.8 m. ris 1.4 m. kj. 2.0 m.</p> <p>" inng.skúr:L3.6 m. br. 2.6 m. h. 5.4 m. ris 0.4 m. kj. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>Bifreiðaskúr hefir verið byggður á lóðinni úr steinsteypu, húðaður utan eins og húsið, klæddur innan timbri og múrhúð, með þaki úr asbesti, hólfaður í tvennt og er smáverkstæði í öðrum endanum.</p>	164.400.00

Gata og númer:

Möt framkvæmd: 24/6/1948	Metið kr.
Stærð : L 3.7 m. br. 11.2 m. h. 2.9 m. skápak.	Fluttar Kr. 164.400.00
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	<u>24.000.00</u>
	<u>Samtals.... 188.400.00</u>

T
T
T
T

Gata og númer:

Grundarstígur 8.

Möt framkvæmd: 21/10/1933.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, tvílyft, með risi, úr holsteini, með þaki úr borðasúð, pappa og járni. Útveggir eru allir sementsléttaðir utan. Skilveggir og gólf hússins eru öll úr járnþentri steinsteypu. Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólfi, kalksléttður og hvíttður innan. Þar er þvottahús, miðstöðvarherbergi, 3 geymsluherbergi og 2 gangar. Á neðri hæð hússins eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, v.s. og 2 gangar. Veggir og loft allt kalksléttað innan og málað. Á efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur. Á risihæðinni eru 3 íbúðarherbergi, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Á skambitum er þurkloft. Allir stigar eru úr tré.</p> <p>Stærð: L. 9.5 m. br. 9.4 m. h. 6.6 m. ris 4.3 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>42.130.-</p>

Gata og númer:

Grundarstígur 9.

Möt framkvæmd: 21/1/1942.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi, kvisti og kjallara, úr bindingi, klætt utan plögðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi og milligólf í báðum bitalögum. Á aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, þúr, v.s., gangur og 2 fastir skápar, sem allt er þiljað og herbergin lögð striga og ýmist veggfóðruð eða máluð. Á rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur, allt með sama frágangi eins og er á aðal hæðinni. Kjallari er undir öllu húsinu með trégólfi. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og anddyri, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Auk þess eru þar 2 geymsluherbergi, þvottaherbergi og miðstöðvarherbergi. Steinsteypugólf er undir trégólfinu.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 7.5 m. h. 3.8 m. ris 3.7 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlið hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 2.2 m. h. 5.2 m. skábak, kjh. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>38.290.-</p>

Gata og númer:

Grundarstigur 10.

Möt framkvæmd: (11/8/1924.) 15/5/1946.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft. með brotnu þaki, kvisti, 3 gluggakvistum, veggsvöllum, risi og kjallara, úr steinsteypu og með bakhellu á plögðri borðasúð, með pappa og listum á milli. Gólfín eru úr steinsteypu og klætt er með "Kokolith" innan á alla útveggi. Á neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr, 2 forstofur, v.s. og fastur skápur, allt kalksléttað, veggfóðrað og málað. Uppi eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., eldhús og stór gangur, allt með sama frágangi eins og á aðal hæðinni. Á skambitum er 1 íbúðarherbergi þiljað og málað og þurkloft með skápum og geymslu. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu, hólfaður í 4 geymsluherbergi, þvottahús og gang. Stigar eru úr steinsteypu og húsið er múrsléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 10.4 m. br. 11.6 m. h. 3.2 m. ris 5.2 m. kjh. 2.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	39.789.-
<p>b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, bæði veggir, gólf og þak. Skúrinn er múrhúðaður utan og innan.</p> <p>Stærð: L. 5.5 m. br. 3.3 m. h. 2.2 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	1.000.-
Samtals	40.789.-
=====	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 11/8/1924.</p> <p>Stærð íbúðarhússins: L. 10.4 m. br. 11.6 m. h. 3.2 m. ris 5.2 m. kjh. 2.1 m.</p> <p>" bifreiðaskúrs: L. 5.5 m. br. 3.3 m. h. 2.2 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>Bifreiðaskúrinn er virtur á.....</p>	
Samtals	286.500.-
=====	

Gata og númer:

Grundarstígur 11.

Möt framkvæmd: (1/5/1941) 25/10/1945.	Metið kr.
<p>og verzlunar- Íbúðarhús, tvílyft, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. 2 þverveggir úr steinsteypu eru í húsinu, neðan úr kjallara, upp að þaklyfti. Öll bitalög eru úr timbri og í þeim milligólf. Á neðstu hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, 2 gangar, v.s. og fataskápur. Innan á útveggjum er grind úr 2" plönkum og asfaltþappi innan á henni, allt þiljað og með striga og pappír á veggjum og loftum. Allt málað. Á 2. hæð er sama herbergjaskipun og frágangur allur hinn sami. Á 3. hæð eru 6 íbúðarherbergi, 1 gangur, v.s. og fataskápur, allt þiljað. Innan á grind er pappi og stoppað með sagspónum upp að gluggum. Herbergin öll eru með striga og pappír á veggjum og loftum, allt málað. Efst á skambitum er loft. Þar eru 2 herbergi, þiljuð, veggfóðruð og máluð og nú hefur verið gjört íbúðarherbergi, þar sem áður var þurkloft. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar er sölubúð með borði, hillum, skápum og skúffum. Veggir og loft kalksléttað. Þar er þvottahús með tilheyrandi þvottapotti, miðstöðvar- og motorklefar, 3 geymsluherbergi, 2 gangar og v.s. Steinsteypugólf er í öllum kjallaranum. Neðan á bitum geymsluherbergja er slegið borðum. (bifurborðum)</p> <p>Stærð: L. 11.6 m. br. 10.4 m. h. 6.0 m. ris 5.3 m. kjh. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>91.505.-</p>
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1/5/1941. Í húsinu er verzlun og blindraíðn.</p> <p>Stærð: L. 11.6 m. br. 10.4 m. h. 6.0 m. ris 5.3 m. kjh. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>307.400.-</p>
<p>Virt: 19/2 1973.</p> <p>Frá seinasta mati, hefur húsinu verið breytt í íbúðarhúsnæði.</p> <p>1.hæð: Þar eru standsettar 2.íbúðir, ein í aðalhúsi og ein í viðbyggingu. Raflagnir, hreinlætistæki, eldhúsinnréttingar og margt annað hefur verið endurnýjað. Veggfóður og dúkur á gólfum. Þetta hefur verið endurnýjað á öllum hæðum.</p> <p>2.hæð: Þar hefur verið standsett 1. íbúð, ásamt öllum endurnýjunum.</p> <p>Þakhæð: 1.íbúð standsett.</p> <p>Jrðhæð: Þar hafa 2.íbúðir verið standsettar, og geymslur smíðaðar.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 11.6 m., Br. 10.4 m., H. 6.0 m., Ris. 5.3 m., Kj. 2.7 m. = 1.363m³</p> <p>= 157m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>8.723.000.-</p> <p>1.005.000.-</p> <p>9.728.000.-</p>

Möt framkvæmd: 20/6/1960. 12/5/1966	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, þrjár hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, múrhúðað utan og með steinsteyppt þak.</p> <p>Á 1. hæð er þrjónastofa, hólfuð í þrennt og anddyri og forstofa. Allt málað.</p> <p>Á 2. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, steypu v. s. og handlaug, stigahús og forstofa og skáli. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru málaðar og tvöfalt gler er í gluggum. Svalir.</p> <p>3. hæð og þakhæð eru eins og 2. hæð, nema þar eru hurðir og karmar úr harðviði.</p> <p>Í kjallara er anddyri, forstofa, v. s. og handlaug, þvottahús, þurkklefi, kyndiklefi m/hitaveitupphitun og 4 geymslur. Auk þess er vörugeymsla í aukakjallara.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 11.40 m., br. 11.97 m., h. 10.2 m., kj. 2.10 m.</p> <p>kj. " 11.40 " " 3.24 " " 2.10 " = 1.755.88 m³.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á kr. 1.580.300.-</p>	
<p><u>Virt 12/5/1966</u></p> <p>Ný viðbygging, 4 hæðir og kjallari, byggð úr steinsteypu, einangruð með plasti slétthúð og máluð að utan, þakið er steyp klætt bárujárni. Hitaveita.</p> <p>1. hæð: Þar er verzlun, hreinlætisherbergi o. fl., allt málað og dúklagt. Eldri hlutinn er óbreyttur frá síðasta mati, 20/6/1960.</p> <p>2. hæð: Þar eru 3 íbúðarherbergi, 1 eldhús, 1 baðherbergi m/tilheyrandi, og gangur. Allt málað og dúklagt. Skápar eru innbyggðir hurðir úr harðviði og í gluggum er tvöfalt gler. 1 svalir.</p> <p>3. og 4. hæð er eins og 2. hæð.</p> <p>Kjallari: Þar eru geymslur fyrir íbúðarnar og verzlunina, 1 þvottahús er í kjallara. hússins.</p> <p>Stærð viðbyggingar:</p> <p>L. 5.80 m., br. 12.55 m., h. 11.20 m., kj. 2.10 m. = 968.00 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 2.297.000.-</p>	

Gata og númer:

Grundarsstígur 15.

Möt framkvæmd: (1/4/1943.) 25/10/1945.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og listiðnaðarhús, með porti, kvisti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á plægðum borðum, pappa og listum á milli. Milligólf er í öllum bitalögum. Á aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og skápur, sumpart biljað en sumpart kalkdregið og kokolith-plötur neðan á öllum loftum, allt málað. Uppi eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 3 skápar, sumpart biljað og með striga og pappír, en sumpart kalkdregið og málað, allt. Á skambitum er gólf. Þar er þurkloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Í honum eru 4 geymsluklefar, þvottahús, rulluhús, biljað, og 2 gangar.</p> <p>Stærð: L. 9.4 m. br. 7.5 m. h. 4.4 m. ris 3.1 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Inngönguskúr er við austurhlið hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.2 m. h. 6.4 m. skápak, kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>92.410.-</p> <p>2.000.-</p> <p>Samtals 94.410.-</p>
<p>b. Girðingar eru virtar á.....</p> <p>===== Eldra húsið er að mestu óbreytt frá síðasta mati 1/4/1943.</p> <p>Viðbygging hefir verið byggð við austurgöfl þess, 2 hæðir, ris og kjallari, úr steinsteypu með þaki úr borðum, pappa, járn og asbesti. Innan á útveggjum eru vikurplötur, pappi, listar og asbest og múrhúðað yfir. 2 loft eru úr járnþentri steinsteypu og stigar, en skilrúm eru úr venjulegri steinsteypu. Efsta loft er úr timbri og múrhúðað neðan á klæðningu. Gangur er undir neðri hæð inn á baklóðina. Í neðstu hæð eru 2 listiðnaðarherbergi, gangur inn á aðalhæðina, steypibaðherbergi og v.s. Í efri hæð eru 3 herbergi, 1 eldhús m/rafeldavél, baðherbergi m/keri og v.s. og inngangur í eldra húsið. Rishæð er ekki fullgerð, þar verða gerð íbúðarherbergi. Öll eru herbergin múrhúðað og máluð og með dúkum á gólfum og stigum. Í kjallara er vinnustofa og geymsla. Einar veggsvaflir eru á húsinu.</p> <p>Stærð aðalhússins: L. 9.4 m. br. 7.5 m. h. 3.6 m. ris 4.3 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>" viðbyggingar: L. 8.0 m. br. 7.6 m. h. 6.1 m. ris 2.6 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>" inngöngusk: L. 2.5 m. br. 2.2 m. h. 6.4 m. skápak, kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu, inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>318.000.-</p>

Gata og númer:

Grundarstigur 17.

Möt framkvæmd: 1/3/1942.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 3 loft úr járnþentri steinsteypu og einnig allir stigar. Skilveggir og kjallaragólf eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og vírlögðum þiljum þar innan á og allt er húsið múrslétt-að innan og olíumálað. Í neðri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, baðherbergi, forstofa og anddyri. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun, nema að í stað baðherbergis er fataherbergi með handlaug. Í kjallaranum eru 2 stofur, eldhús, miðstöðvarklefi, þvottahús og gangur. Veggpallur er út frá austurhlíð hússins. Húsið er múrhúðað utan með skeljasandi.</p> <p>Stærð hússins: L. 9.6 m. br. 8.0 m. h. 5.4 m. ris 1.5 m. kjh. 2.1 m.</p> <p>" útskots: L. 4.8 m. br. 1.6 m. h. 5.4 m. ris 1.0 m. kjh. 2.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>73.800.-</p>

Gata og númer:

Grundarstígur 19.

Möt framkvæmd: 21/1/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum, pappa, listum og jární. Járnþak er á plægðri borðasúð, með pappa á milli. Í binding er fyllt með sagi og millungólf í báðum bitalögum. Niðri eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, gangur og fastur skápur, allt þiljað og herbergin með striga og pappír á veggjum og lofti, allt málað. Uppi eru 3 íbúðarherbergi, gangur, 2 geymsluherbergiog 2 fastir skápar. Allt þiljað. 1 herbergi með pappa á veggjum og striga og pappír á lofti. Allt málað. Í kjallara er (nú) 1 geymsluherbergi, allt þiljað, þvottahús og geymsluklefi.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 7.5 m. h. 3.8 m. ris 3.1 m. kjh. 2.2 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	31.050.-
<p>b. Viðbygging, úr steini, við austurhlíð hússins, einlyft, múrhúðuð utan og með járnþaki á plægðri borðasúð með pappa. Þar er 1 herbergi, þiljað og veggfóðrað og 1 v.s. Kjallari með steinsteypugólfi er undir allri viðbyggingunni. Þar er gangur, v.s. og geymsluklefi.</p> <p>Stærð: L. 4.7 m. br. 4.4 m. h. 3.0 m. kjh. 2.2 m.</p>	
<p>Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	6.250.-
<p>c. Nyrzt á sömu lóð er hjallur úr bindingi, klæddur utan með rimlum á 1 hlið en á 3 vegu steinhliðar og með járnþaki á langböndum. Timburgólf er í honum.</p> <p>Stærð: L. 4.1 m. br. 1.9 m. h. 2.2 m. skáþak.</p>	
<p>Hjallurinn er virtur á.....</p>	425.-
<p style="text-align: right;">Santals</p>	37.725.-

Möt framkvæmd: 1/1/1943. 22/9/1966	Metið kr.
<p>a. íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Allir útveggir eru stoppaðir með marhálmi. Niðri eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og búr, allt þiljað, veggfóðrað og málað. Uppi eru 4 íbúðarherbergi og gangur, allt með sama frágangi eins og á neðri hæðinni. Geymslukjallari er undir húsinu.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 6.9 m. h. 3.8 m. ris 2.6 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr er byggður eins og húsið.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 1.9 m. h. 3.5 m. ris 1.0 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	47.470.-
<p>b. íbúðarskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, múrsléttaðri. Þiljað er innan á borðagrind á útveggjunum. Þiljurnar eru strigalagðar og öll er íbúðin ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Í húsinu eru 2 loft úr járnþentri steinsteypu. Á aðalhæðinni eru 1 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Í kjalla ranum eru geymsluherbergi, þvottaherbergi, v.s. og gangur.</p> <p>Stærð: L. 3.6 m. br. 6.3 m. h. 3.6 m. skáþak, kjh. 2.0 m.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilh-eyrandi, er virtur á.....</p>	15.650.-
	Santals 63.120.-
7	=====
Virt 22/9/1966	
<p>A- liður endurmetist frá síðasta mati 1/1/1943, byggður úr timbri, bárujárns-klæddur að utan og þakið timbur, þappi og bárujárn. 1 hæð, ris með 2 kvistum og kjallari. Hitaveita.</p> <p>A: 1. hæð þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug. Ýmsar endurbætur hafa verið gerðar á hæðinni m. a. er allt nýmálað.</p> <p>B Þakhæðin þar er þvottahús og 2 geymslur. Hann er óbreyttur frá síðasta mati.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: L. 6.3 m., br. 6.9 m., h. 3.8 m., ris 2.6 m., kj. 1.9 m. L. 2.5 m., br. 1.9 m., h. 3.5 m., ris 1.0 m., kj. 1.9 m. = 332.00 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheryandi, er virt á</p>	kr. 750.000.-

Gata og númer:

Grundarstígur 21 a.

Möt framkvæmd: 21/1/1926.	Metið kr.
<p>Straumskiftistöð, úr járnbentri steinsteypu, bæði veggir, gólf og loft. Ris er úr binding, með járnþaki á borðasúð með þappa á milli. Stærð: L. 6.0 m. br. 4.0 m. h. 4.7 m. sl. þak. Stöðin er virt á.....</p>	<p>4.518.-</p>

Möt framkvæmd: (16/8/1923.) 30/6 1955.	Metið kr.
<p>a. Skóla- og íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Á neðri hæð hússins eru nú skólastofur og 3 gangar. Innan á útveggjum er tvöföld plankagrind með pappa og panelþiljum innan á. Allir skilveggir eru úr steinsteypu, kalksléttaðir og málaðir á þeim fletir er að göngum hússins snýr, en sú hlið skilveggjanna, sem að íbúðarherbergjunum veit er þiljuð innan á borðabinding. Neðan á loftbita er þiljað með panel, allar þiljur eru lagðar striga og pappa og svo ýmist málað eða veggfóðrað. Í baðherbergjinu eru veggirnir lagðir postulínsflísum og í því er steinsteypugólf. Á 2. hæð eru einnig skólastofur, og frágangur allur nákvæmlega eins og á neðri hæðinni. Á þaklyfti eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi, geymsluherbergi, v.s. og 3 gangar. Þar eru 2 skilveggir úr steinsteypu, annar eftir endilöngu húsinu, en hinn eftir hálfri lengd þess. Aðrir skilveggir eru úr bindingi með tvöföldum þiljum. Að öllu öðru leyti er þar samskonar frágangur, sem á hinum öðrum hæðum hússins. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar er steinsteypugólf og allir skilveggir úr steinsteypu. Í kjallaranum er 1 íbúðarherbergi, 3 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi og 2 gangar. 2 af herbergjum þessum eru þiljuð innan og annað þeirra málað.</p> <p>Stærð: L. 18.8 m. br. 11.0 m. h. 8.0 m. ris 2.3 m. kjh. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>102.262.-</p>
<p>b. Geymsluhús, er á sömu lóð, úr steinsteypu á 2 vegu, en 2 veggirnir eru úr binding, klæddir að mestu, utan með jární á langböndum, en sumstaðar eru trérimlar. Þak er úr jární á borðasúð. Þar er rimlahjallur. Steinsteypugólf er í skúrnum. Skilveggir eru allir úr timbri. Stærð: L. 14.3 m. br. 4.4 m. h. 2.4 m. skápak.</p> <p>Skúrinn, er virtur á.....</p>	<p>1.216.-</p> <p>Samtals 103.478.-</p>
<p><u>Virt 30/6 1955.</u></p> <p>Obreytt frá síðasta mati að stærðum, en skólahúsið hefir mikið verið umbætt innan og nokkuð breytt. - Á neðri hæð hafa hinar 4 kennslustofur verið þiljaðar í hólf og gólf með eikarkrossviði á veggjum, en hvítlökkuðum texplötum í lofti og listar felldir á öll samskeyti. Loftræstingarkerfi lagt í allt húsið, rafleiðslur endurnýjaðar og fluorlýsing sett í allar kennslustofur og ganga og öll gólf lögð á límdum gólfdukk. - Á efri hæð hafa 2 kennslustofur, skrifstofa skólastjóra og kennarastofa verið þiljaðar á sama hátt og á neðri. - Á þakhæðinni hefir íbúðinni, sem áður var, verið breytt í 4 kennslustofur og nýjum snyrtiklefum m/v.s. og 2 handlaugum verið komið þar fyrir. Gangar, gluggar og snyrtiherbergi hafa verið máluð að nýju. Einstaka sameiginlegri</p> <p style="text-align: right;">snú</p>	

Gata og númer: framh. Grunarstígur 24

Möt framkvæmd: 27/11/1963.	Metið kr.
fatageymslu hefir verið komið fyrir á I. hæð. Nýjar hurðir hafa verið settar í á báðum hæðum.	
A. Skólahús.: L. 18.8 m. Br. 11.0 m. H. 8.0 m. ris 2.3 m. kj. 2.7 m. = 2440.24 m ³	
" Húsið með tilheyrandi er metið á kr. 1.830.100.00
B. Geymsla : L. 14.3 m. Br. 4.4 m. H. 2.4 m. skápak = 151.01 m ³	
" Metin með tilheyrandi á kr. 52.900.00
	<u>Kr. 1.883.000.00</u>
<u>Virt: 27/11/1963.</u>	
Ný viðbygging er komin frá síðasta mati, 30/6/1955. Byggð úr steinsteypu, einangruð með vikur, korki og plasti, múrhúðað og málað að utan, þakið er timbur pappi og klætt bárujárni. Byggingin er 2 hæðir og flatt þak.	
1. hæð: Þar er samkomusalur, kaffistofa-fundarherbergi, eldhús, skólabúð, snyrtiherbergi m/tilheyrandi o.fl., allt málað og dúklagt, klæðning er á sumum veggjum.	
2. hæð: Þar eru 4 kennslustofur, 1 kennarastofa, snyrtiherbergi m/tilheyrandi o.fl., Stærð viðbyggingar, sem er undir C:lið:	
C: L = 3.833 m ³	
Viðbygging, ásamt tilheyrandi, er virt á	<u>kr. 6.750.000.-</u>

Gata og númer: Grýtu bakki 2

Möt framkvæmd: 30/8/68

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem eru 3 hæðir, ris og kjallari að hluta, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Dakið er asbest. Fjarhitun er í húsinu.

1. hæð: Þar er 1 anddyri, 2 forstofur, 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús og 2 borðkrókar, 2 baðherbergi með kerlaugum, 2 V.S., 2 handlaugar. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig parket.

2. hæð: Þar er stigahús, forstofa, 7 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 borðkrókar, 2 baðherbergi með kerlaugum, 2 V.S., 2 handlaugar, 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Tvöföld gler í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig parket.

3. hæð: Eins og 2. hæð.

Kjallari: Þar er anddyri, 6 geymslur + sameiginleg.

Stærð hússins:

$$\begin{array}{r} \text{L } 16,39\text{m.}, \text{ Br. } 11,34\text{m.}, \text{ H. } 8,55\text{m.}, \text{ Ris } 1,40\text{m.} = 1719 \text{ m}^3 \\ \text{L } 16,39\text{m.}, \text{ Br. } 7,20\text{m.}, \text{ Kj. } 2,61\text{m.} = 308 \text{ m}^3 \\ \hline 2027 \text{ m}^3 \end{array}$$

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. 5.534.000.00

Gata og númer: Grýtubakki 4

Möt framkvæmd: 30/8/68	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem eru 3 hæðir, ris og kjallari að hluta, er byggt úr steinsteypu. Einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er asbest. Fjarhitun er í húsinu.</p> <p>1. hæð: Þar er 1 anddyri, 2 forstofur, 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 borðkrókar, 2 baðherbergi með kerlaugum, 2 V.S., 2 handlaugar. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig er parket á gólfum.</p> <p>2. hæð: Þar er stigahús, forstofa, 7 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 borðkrókar, 2 baðherbergi með kerlaugum, 2 V.S., 2 handlaugar, 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Tvöföld gler í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig parket.</p> <p>3. hæð: Eins og 2. hæð.</p> <p>Kjallari: Þar er anddyri, 6 geymslur + sameiginlegt.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L 16,20m., Br. 11,34m., H. 8,55m., Ris 1,40m. = 1700 m³</p> <p>Kj.: L 16,20m., Br. 7,20m., Kj. 2,61m. = 304 m³</p> <p style="text-align: right;">2004 m³</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.	5.471.000.00

Gata og númer: Grýtubakki 6

Möt framkvæmd: 30/8/68	Metið kr.						
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem eru 3 hæðir og kjallari að hluta, er byggt úr steinsteypu. Einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er asbest. Fjarhitun.</p> <p>1. hæð: Þar er 1 anddyri, 2 forstofur, 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrókum, 2 baðherbergi með kerlaugum, 1 steypa, 3 V.S., 3 handlaugar, 1 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Tvöfalt gler í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig er parket á gólfum. Sorpgeymsla, reiðhjólageymsla + undirgangur.</p> <p>2. hæð: Þar er stigahús, 3 forstofur, 10 íbúðarherbergi, 3 eldhús með borðkrókum. 3 baðherbergi með kerlaugum, 3 V.S., 3 handlaugar, 3 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig er parket á gólfum.</p> <p>3. hæð: Eins og 2. hæð.</p> <p>Kjallari: Þar er 1 anddyri, 1 V.S., 1 handlaug. Veggir eru málaðir. Auk þess er 1 þvottaherbergi, 8 geymslur + sameiginleg.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table style="margin-left: 40px;"> <tr> <td>L 17,41m., Br. 11,34m.)</td> <td rowspan="2">8,55m. H. Ris 1,4m. = 2488 m³</td> </tr> <tr> <td>L 6,31m., Br. 11,34m.)</td> </tr> <tr> <td>Kj. L 12,34m., Br. 7,20m.)</td> <td rowspan="2">Kj. 2,61m. $\frac{+ 564 \text{ m}^3}{3052 \text{ m}^3}$</td> </tr> <tr> <td>L 11,20m., Br. 11,34m.)</td> </tr> </table>	L 17,41m., Br. 11,34m.)	8,55m. H. Ris 1,4m. = 2488 m ³	L 6,31m., Br. 11,34m.)	Kj. L 12,34m., Br. 7,20m.)	Kj. 2,61m. $\frac{+ 564 \text{ m}^3}{3052 \text{ m}^3}$	L 11,20m., Br. 11,34m.)	
L 17,41m., Br. 11,34m.)	8,55m. H. Ris 1,4m. = 2488 m ³						
L 6,31m., Br. 11,34m.)							
Kj. L 12,34m., Br. 7,20m.)	Kj. 2,61m. $\frac{+ 564 \text{ m}^3}{3052 \text{ m}^3}$						
L 11,20m., Br. 11,34m.)							
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á	kr. <u>8.332.000.00</u>						

Gata og númer: Grýttubakki 8

Möt framkvæmd: 30/8/68	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem eru 3 hæðir, ris og kjallari að hluta, er byggt úr steinsteypu. Einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er asbest. Fjarhitun er í húsinu.</p> <p>1. hæð: Þar er 1 anddyri, 2 forstofur, 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrókum. 2 baðherbergi með kerlaugum. 2 V.S., 2 handlaugar. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig er parket á gólfum.</p> <p>2. hæð: Þar er stigahús, forstofa, 7 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrókum. 2 baðherbergi með kerlaugum, 2 V.S., 2 handlaugar, 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig parket.</p> <p>3. hæð: Eins og 2. hæð.</p> <p>Kjallari: Þar er anddyri, 6 geymslur + sameiginleg.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L 16,20m., Br. 11,34m., H. 8,55m., Ris 1,4m. = 1700 m³</p> <p>Kj. L 16,20m., Br. 7,20m., Kj. 2,61m. = 304 m³</p> <p style="text-align: right;">2004 m³</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á	5.471.000.00

Gata og númer: Grýtubakki 10

Möt framkvæmd: 30/8/68	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem eru 3 hæðir, ris og kjallari að hluta, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er asbest. Í húsinu er fjarhitun.</p> <p>1. hæð: Þar er 1 anddyri, 2 forstofur, 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrókum. 2 baðherbergi með kerlaugum, 2 V.S., 2 handlaugar. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig er parket.</p> <p>2. hæð: Þar er stigahús, forstofa, 7 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrókum. 2 baðherbergi með kerlaugum, 2 V.S., 2 handlaugar, 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig er parket.</p> <p>3. hæð: Eins og 2. hæð:</p> <p>Kjallari: Þar er anddyri, 6 geymslur + sameiginleg.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p style="margin-left: 40px;">L 16,20m., Br. 11,34m., H. 8,55m., Ris 1,40m. = 1700 m³</p> <p>Kj. L 16,20m., Br. 7,20m., Kj. 2,61m. = 304 m³</p> <p style="margin-left: 180px;">2004 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>5.471.000.00</p>

Gata og númer: Grýtubakki 12

Möt framkvæmd: 30/8/68

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem eru 3 hæðir og kjallari að hluta, er byggt úr steinsteypu. Einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er asbest. Fjarhitun.

1. hæð: Þar er 1 anddyri, 2 forstofur, 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrókum, 2 baðherbergi með kerlaugum, 1 steypa, 3 V. S., 3 handlaugar, 1 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig parket. Sorp og reiðhjól + undirgangur.

2. hæð: Þar er stigahús, 3 forstofur, 10 íbúðarherbergi, 3 eldhús með borðkrókum. 3 baðherbergi með kerlaugum, 3 V. S., 3 handlaugar, 3 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Tvöfalt gler í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig er parket á gólfum.

3. hæð: Eins og 2. hæð.

Kjallari: Þar er 1 anddyri, 1 V. S., 1 handlaug. Veggir eru málaðir. Einnig eru 8 geymslur + sameiginlegt.

Stærð hússins:

$$\left. \begin{array}{l} \text{L } 17,41\text{m.}, \text{ Br. } 11,34\text{m.} \\ \text{L } 6,31\text{m.}, \text{ Br. } 11,34\text{m.} \end{array} \right\} = \text{H. } 8,55\text{m.}, \text{ Ris } 1,4\text{m.} = 2488 \text{ m}^3$$

$$\left. \begin{array}{l} \text{Kj. L } 17,41\text{m.}, \text{ Br. } 7,20\text{m.} \\ \text{L } 6,31\text{m.}, \text{ Br. } 7,20\text{m.} \end{array} \right\} \text{Kj. } 2,61\text{m} = \frac{446 \text{ m}^3}{2934 \text{ m}^3}$$

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr. 8.010.000.00

Gata og númer: Grýtabakki 14

Möt framkvæmd: 30 / 8 / 68	Metið kr.												
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem eru 3 hæðir, ris og kjallari að hluta, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Asbest þak. Fjarhitun.</p> <p>1. hæð: Þar er 1 anddyri, 2 forstofur, 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrókum. 2 baðherbergi með kerlaugum, 2 V.S., 2 handlaugar. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir, gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig er parket á gólfum.</p> <p>2. hæð: Þar er stigahús, forstofa, 7 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrókum. 2 baðherbergi með kerlaugum. 2 V.S., 2 handlaugar, 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Dúkur á gólfum, einnig parket.</p> <p>3. hæð: Eins og 2. hæð.</p> <p>Kjallari: Þar er anddyri, 6 geymslur + sameiginlegt.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table style="margin-left: 40px;"> <tr> <td>L 16,20m.,</td> <td>Br. 11,34m.,</td> <td>H. 8,55m.,</td> <td>Ris 1,4m.</td> <td>=</td> <td>1700 m³</td> </tr> <tr> <td>L 16,20m.,</td> <td>Br. 7,20m.,</td> <td>Ris 2,61m.</td> <td></td> <td>=</td> <td>$\frac{304 \text{ m}^3}{2004 \text{ m}^3}$</td> </tr> </table>	L 16,20m.,	Br. 11,34m.,	H. 8,55m.,	Ris 1,4m.	=	1700 m ³	L 16,20m.,	Br. 7,20m.,	Ris 2,61m.		=	$\frac{304 \text{ m}^3}{2004 \text{ m}^3}$	
L 16,20m.,	Br. 11,34m.,	H. 8,55m.,	Ris 1,4m.	=	1700 m ³								
L 16,20m.,	Br. 7,20m.,	Ris 2,61m.		=	$\frac{304 \text{ m}^3}{2004 \text{ m}^3}$								
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á	kr. 5.471.000.00												

Gata og númer: Grýtubakki 16

Möt framkvæmd: 30/8/68

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem eru 3 hæðir, ris og kjallari að hluta, er byggt úr steinsteypu. Einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er asbest. Í húsinu er fjarhitun.

1. hæð: Þar er 1 anddyri, 2 forstofur, 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrókum, 2 baðherbergi með kerlaugum, 2 V.S., 2 handlaugar, Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig er parket á gólfum.

2. hæð: Þar er stigahús, forstofa, 7 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrókum, 2 baðherbergi með kerlaugum, 2 V.S., 2 handlaugar, 2 svalir. Skápar eru innbyggðir. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð. Einnig er parket á gólfum.

3. hæð: Eins og 2. hæð.

Kjallari: Þar er anddyri, 6 geymslur + sameiginlegt.

Stærð hússins:

L 16,39m.,	Br. 11,34m.,	H. 8,55m.,	Ris 1,4m.	=	1719 m ³
Kj. L 16,39m.,	Br. 7,20m.,	Kj. 2,61m.		=	308 m ³
					2027 m ³

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. 5.534.000.00

Gata og númer: Grýtubakki 18

Möt framkvæmd: 15/1/69

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 3 hæðir, ris og kjallari að hluta, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétt húðað og málað utan. Þakið er asbest. Fjarhitun er í húsinu.

1. hæð: Þar er 1 anddyri, 2 forstofur, 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrókum. 2 baðherbergi með kerlaugum, 2 V.S., 2 handlaugar. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig er parket.

2. hæð: Þar er stigahús, forstofa, 7 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrókum, 2 baðherbergi með kerlaugum, 2 V.S., 2 handlaugar, 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig er parket.

3. hæð: Eins og 2. hæð.

Kjallari: Þar er anddyri, 6 geymslur + sameiginlegt.

Stærð hússins:

<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Á aðalhæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Skilveggir eru úr binding, með tvöföldum þiljum og þiljur eru einnig neðan á loftbitum. Allt lagt striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað innan. Á báðum bitlögum er gólf úr plægðum borðum og milligólf er í þeim báðum, með pappa og sagsþónastoppi á milli gólfanna. Á þaklyfti er 1 íbúðarherbergi og framloft. Allt þiljað og herbergið einnig veggfóðrað og málað. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi og skilveggjum. Þar er þvottaherbergi og 2 geymsluherbergi. Allt sementsstrokið innan. Steinsteyputröppur eru við vesturhlið hússins og undir þeim er geymsluklefi. Allt er húsið sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 6.8 m. br. 6.9 m. h. 2.8 m. ris 2.2 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>13.309.-</p>
<p>Virt 30/4 1957.</p> <p>Frá síðasta mati 8/10 1926 er húsið óbreytt að stærðum, en ofan á það hefur verið byggð 1 hæð, sem hefur fulla hæð götumegin, en hallapak hinum megin, byggð úr steinsteypu, einangruð með korki. Húsið er múrhúsað og málað að utan, með þaki úr timbri, pappa og bárujárni og einum gluggakvist.</p> <p>Í þessari nýbyggðu hæð eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug. Allt málað og dúklagt. Lakkaðar hurðir. Innbyggðir skápar.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 6.8 m. Br. 6.9 m. H. 4.1 m. Ris 2.0 m. Kj. 2.2 m. = 342.51 m³</p> <p>Húsið, með tilheyrandi, er metið á Kr. 274.000.00</p>	<p>274.000.00</p>

Gata og númer:

Haðarstígur 20.

Möt framkvæmd: 21/4/1943.

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft, með risi, kvisti og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki úr borðasúð, pappa og listum. Á aðalhæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og gangur. Gólf er úr járnbentri steinsteypu. Skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Innan á útveggjum er plankagrind, með tvöföldu pappalagi í, listum og þiljum þar innan á. Borðaklæðning er neðan á loftbitum. Allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi og skilveggjum. Þar eru 2 geymsluherbergi, þvottaherbergi og trésmíðaherbergi með 2 hefilbekkjum. Á þaklyfti er íbúðarherbergi, geymsluherbergi, öll þiljuð innan með panel og íbúðarherbergið einnig strigalagt, veggfóðrað og málað. Við vesturhlíð hússins eru steinsteyputröppur og undir þeim kolageymsluklefi. Stærð: L. 6.8 m. br. 6.9 m. h. 2.8 m. ris 2.2 m. kjh. 2.1 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

40.650.-

Möt framkvæmd: (21/4/1928) (16/11/1950.) (26/11/1953) 13/11/1972 smi →	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa og bárujárni. Á aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., gangur, 2 loft eru úr járnbentri steinsteypu og skilveggir allir úr venjulegri steypu. Þiljað er innan á útveggi og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Á þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi, þiljuð, veggfóðruð eða máluð innan. Á þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi, þiljuð, veggfóðruð og máluð og framloft. Kjallari, með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er þvottaherbergi og geymsluherbergi. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er geymsluklefi.</p>	
Stærð: L 6.8 m. br. 6.9 m. h. 2.8 m. ris 2.2 m. kjh. 1.9 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	<u>10.800.00</u>
<hr/>	
<u>Virt 16/11/1950.</u>	
<p>Húsið er óbreytt að stærð frá síðasta mati 21. apríl 1928, en hefir tekið nokkrum breytingum og umbótum innanhúss. Á hæðinni eru nú 3 íbúðarherbergi, anddyri og innri forstofa, allt málað og dúklagt og gluggar málaðir. Þakhæð er óbreytt. Í kjallara er nú eldhús, steypibaðherbergi, v.s. og gangur, allt málað og dúklagt; ennfremur þvottahús m/kolamiðstöð, hitaveitulögn, geymsla og geymsla undir útitröppum.</p>	
A. Íbúðarhús: L 6.8 m. br. 6.9 m. h. 2.8 m. ris 2.2 m. kj. 1.9 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	117.000.00
B. Girðing úr steinsteypu, járni og timbri: L 6.8 m.	
Girðingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	<u>2.000.00</u>
<u>Samtals krónur</u>	<u>119.000.00</u>
<hr/>	
<u>Virt 26/11/1953.</u>	
<p>Húsið hefir frá síðasta mati 16. nóvember 1950 tekið þeirri breytingu, að byggt hefir verið ofan á það úr steinsteypu, nema kvistur, slétthúðað utan, texklætt og múrhúðað innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Aðal hæðin er óbreytt. Á nýju hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/keri og v.s., stigahús, gangur og fataskápur fastur, allt málað og dúklagt. Kjallari óbreyttur.</p>	
Íbúðarhús: L 6.8 br. 6.9 h. 4.0 ris 1.5 kj. 2.3 = 333.13 m ³	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	<u>176.600.00</u>
smi →	

Gata og númer:

HAÐASTÍGUR 22

Möt framkvæmd: 13/11/1972

Metið kr.

Virt: 13/11/1972.

Nýtt rafkerfi í öllu húsinu frá síðasta mati, settir nýir gluggar með tvöföldu gleri á hæðinni. Allar innréttingar og veggklæðningar endurnýjaðar.
Þakhæð: Þakið endurnýjað.

Stærð hússins:

L. 6.8 m., br. 6.9 m., h. 4.0 m., ris 1.5 m., kj. 2.3 m. = 333.00 m³.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 1.507.000.-

Gata og númer:

Hafnarstræti 1.

Möt framkvæmd: 1/10/1941.	Metið kr.
<p>a. Skrifstofu- og afgreiðsluhús m/m, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum, pappa, listum og járn þar yfir á veggjum og á 22.9 m af þakinu eru plægð borð og skífa að sunnanverðu, en járn að norðan. Á 8.8 m. eru einnig plægð borðasúð og járn á henni allri. Í binding er múrað á þörtum með múrsteini. Á aðalhöð hússins er stór afgreiðslustofa, með borði, hillum, skápum og skúffum, 4 skrifstofuherbergi og gangur, allt þiljað. Skrifstofurnar strigalagðar, veggfóðraðar og málaðar. Uppi eru 6 geymsluherbergi, allt þiljað innan og sum herbergin lögð striga og pappír og allt málað. Á skambitum er gólf. Þar uppi eru einnig nokkur geymsluherbergi. Kjallari með steinsteypugólfi er undir nokkrum hluta hússins. Þar er miðstöðvarherbergi og vörugeymsla.</p> <p>Stærð: L. 31.7 m. br. 9.1 m. h. 3.8 m. á 22.9 m. af lengdinni, en 4.3 m. á 8.8 m. hússins, ris 4.5 m.</p> <p>Kjst: L. 6.3 m. br. 9.1 m. h. 3.1 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	140.900.-
<p>b. Verzlunarhús, er við vesturgaflinn á aðalhúsinu, tvílyft, byggt eins og það. Á neðri hæðinni eru verzlunarbúð með borðum og skápum, skrifstofuherbergi, v.s. og snyrti, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Á efri hæðinni eru 2 vörugeymsluherbergi, skrifstofuherbergi og gangur, allt með sama frágangi eins og á neðri hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu, hólfaður í 2 vörugeymslur.</p> <p>Stærð: L. 8.8 m. br. 8.8 m. h. 4.9 m. ris 4.4 m. kjh. 2.8 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	38.990.-
<p>c. Geymsluskúr er við norðurhlíð á litra b., byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 8.8 m. br. 3.8 m. h. 2.8 m. skápak.</p>	
Skúrinn er virtur á.....	4.700.-
<p>d. Kaffibrennsluskúr er við austurgafli á litra c., byggður eins og hinn skúrinn, nema hvað hann er þiljaður innan og allur málaður. Í honum eru 2 herbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 9.3 m. br. 3.8 m. h. 2.8 m. skápak.</p>	
Skúrinn er virtur á.....	4.950.-
<p>e. Geymsluskúr er við austurgaflinn á litra d., byggður úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa og járn á veggjum og þaki. Skúrinn er hólfaður í þrennt, þiljaður og málaður innan. Kjallari með steinsteypugólfi er undir honum öllum, hólfaður í tvennt.</p> <p>Stærð: L. 17.6 m. br. 4.9 m. h. 2.8 m. skápak, kjh. 2.2 m.</p>	
Flyt	189.540.-

Gata og númer:

Möt framkvæmd: (1/10/1941.) 30/6 1954	Metið kr.
Flutt	189.540.-
Skúrinn er virtur á.....	18.480.-
f. Inngöngu- og skrifstofuskúr er við austurgabl litra e., byggður eins og það hús. Þar er skrifstofa, v.s. og gangur, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað.	
Stærð: L. 4.9 m. br. 4.9 m. h. 3.3 m. skápak	
Skúrinn er virtur á.....	3.950.-
g. Bifreiðaskúr er byggður áfastur við litra f, með steinsteypugólfi en að öðru leyti byggður eins og hinn skúrinn.	
Stærð: L. 6.0 m. br. 2.8 m. h. 3.0 m. skápak	
Skúrinn er virtur á.....	1.000.-
Samtals	212.970.-
Eru óbreytt að stærðum frá síðasta mati 1. okt. 1941, en hefir nokkuð verið breytt að innréttingu og notkun.	
A. Skrifstofu- og verzlunarhús hefir verið innréttað að nýju og endurbætt	
" Stærð: L. 31.7 m. Br. 9.1 m. H. 3.8 m. á 22.9 m af L, en 4.3 á 8.8 m., ris 4.5 m. = 1770.86 m ³	
" Kjallari: L. 6.3 m. Br. 9.1 m. H. 3.1 m. = 177.72 m ³	
	1948.58 m ³
" Húsið með tilheyrandi er metið á	kr. 1.169.200.-
B. Verzlunarhús óbreytt : L. 8.8 m. Br. 8.8 m. H. 4.9 m. ris 4.4 m. kj. 2.8 m = 766.66 m ³	
" Húsið með tilheyrandi metið á	kr. 460.000.-
C. Geymsluskúr óbreyttur: L. 8.8 m Br. 3.8 m. H. 2.8 m. skáp. = 93.63 m ³	
" Húsið með tilheyrandi er metið á	kr. 32.800.-
D. Skúr. Kaffibrennslan er flutt og er þar nú kaffistofa, skápar fyrir fatnað starfsmanna og 2 steypibaðklefar m/v.s. og handlaugum.	
" Stærð : L. 9.3 m. Br. 3.8 m. H. 2.8 m., skápak = 98.95 m ³	
" Metinn með tilheyrandi á	kr. 51.500.-
E. Geymsla óbreytt: L. 17.6 m. Br. 4.9 m. H. 2.8 m., skáp., kj. 2.2 m. = 431.20 m ³	
" Skúrinn með tilheyrandi er metinn á	kr. 172.500.-
F. Inngöngu- og skrifstofuskúr óbreyttut : L. 4.9 m. Br. 4.9 m. H. 3.3 m, = 79.23 m ³	
" Skúrinn með tilheyrandi er metinn á	kr. 27.700.-
G. Bifreiðaskúr óbreyttur : L. 6.0 m. Br. 2.8 m. H. 3.0 m., skáp., = 50.40 m ³	
" Bifreiðaskúrinn með tilheyrandi er metinn á	kr. 14.100.-

Gata og númer:

Hafnarstræti 1a.

Möt framkvæmd: 1/10/1941	Metið kr.
a. Vöruheymsluhús, tvílyft, með risi, úr binding, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Neðri hæðin er hólfuð í sundir í 3 vöruheymsluherbergi, allt þiljað innan. Efri hæðin er ósundurhólfuð vöruheymsla og rishæðin sömuleiðis. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu til geymslu. Stærð: L. 18.9 m. br. 9.7 m. h. 5.6 m. ris 3.1 m. kjh. 2.5 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	38.028.-
b. Bifreiðaskúr er byggður eins og húsið. Á honum er eldvarnargafli að vestanverðu. Stærð: L. 7.8 m. br. 3.8 m. h. 3.5 m. skápak. Skúrinn er virtur á.....	2.080.-
Samtals	40.108.-
=====	

Eru óbreytt frá síðasta mati 1. okt. 1941.

A. Vöruheymsluhús : L. 18.9 m. Br. 9.7 m. H. 5.6 m. ris 3.1 m. kj. 2.5 m. = 1759.97 m ³	
" Húsið með tilheyrandi er metið á	kr. 528.000.00
B. Bifreiðaskúr : L. 7.8 m. Br. 3.8 m. H. 3.5 m., skáp, = 103.74 m ³	
" Skúrinn með tilheyrandi er metið á ,.....	kr. 25.900.00
Samtals krónur:	553.900.00

Gata og númer:

Hafnarstræti 2.

Möt framkvæmd: 1/6/1942.

Metið kr.

Bifreiðaafgreiðslu- og skrifstofuhús, tvílyft, með risi, úr bindingi, klætt utan borðum, vírneti og múrhúð á veggjum og með járnþaki á pappa og borðasúð. Stoppað er í bindinginn með sagspónum, á milli þiljanna. Allt er húsið þiljað innan, strigalagt og ýmist vegggróðrað eða málað innan. Ánæðri hæðinni er afgreiðslustofa, 2 biðherbergi, vagnstjóraherbergi, v.s. og geymsluherbergi. Á efri hæðinni eru 4 skrifstofur, fataklefi, v.s. m/snyrti, geymsluherbergi og gangur.

Stærð: L. 10.0 m. br. 6.3 m. h. 5.0 m. ris 0.8 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

47.500.-

Gata og númer:

Hafnarstræti 4 og Veltusund 1.

Möt framkvæmd: (1/2/1944.) 22/5/1947.	Metið kr
<p>a. Íbúðar- og verzlunarahús, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Á neðri hæðinni eru 2 sölubúðir með nýjum vönduðum búðargögnum, geymsluherbergi, v.s., anddyri með stigagangi. Á efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, v.s., anddyri og gangur. Á þakhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allar íbúðir hússins eru þiljaðar innan, strigalgðar og ýmist veggfóðraðar eða málaðar. Kjallari með steinsteypugólfi er undir nokkrum hluta hússins.</p> <p>Stærð: L. 10.0 m. br. 10.0 m. h. 5.6 m. ris 2.8 m.</p> <p>Kj.st: L. 7.5 m. br. 4.0 m. h. 2.0 m.</p>	
<p>b. Inngönguskúr er byggður eins og húsið. Á neðri hæðinni er geymsluherbergi og gangur og á efri hæðinni anddyri og eldhús, allt þiljað, strigalagt veggfóðrað og málað.</p> <p>Stærð: L. 3.1 m. br. 3.8 m. h. 5.8 m. skápak.</p>	
<p>c. Viðbygging er við bakhlíð hússins litra a, byggð að öllu leyti úr steinsteypu, bæði útveggir, loft, þak og gólf. Samherbergjaskipun er í kjallara og á aðal hæðinni, 2 herbergi á hvorum staðnum. Þiljað er innan á útveggi, virlagt og öll er viðbyggingin múrsléttuð og olíumáluð innan og múrsléttuð utan.</p> <p>Stærð: L. 5.4 m. br. 3.3 m. h. 3.8 m. sl. þak, kjh. 2.0 m.</p>	
<p>Litra a, b og c, ásamt tilheyrandi er virt á.....</p>	175.400.-
<p>d. Íbúðar- og verzlunarahús, Veltusund 1, tvílyft, með porti, kvisti, 7 gluggakvistum, veggsvölum, útskoti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og jární á 2 vegu, en eldvarnargafi er að sunnanverðu og áfast er það við litra a að austanverðu. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og jární. Innan á binding er millipil og pappi og milligólf. Á neðri hæðinni eru sölubúð, 3 herbergi og 2 gangar, allt þiljað, lagt striga og pappír á veggjum og loftum, allt málað. Í sölubúðinni eru borð, hillur, skápar og skúffur. Á efri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, skápur og 3 gangar, allt með sama frágangi eins og á neðri hæðinni. Á rishæðinni eru 7 íbúðarherbergi, 7 fastir skápar og 3 gangar allt með sama frágangi eins og á aðal hæðinni. Á skammbitum er gólf, þar uppi er þurkloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Hann er hólfaður í 6 geymsluherbergi, þvottahús og gang. Hann er kalksléttuður að innan.</p> <p>Stærð hússins: L. 7.0 m. br. 7.8 m. h. 7.5 m. ris 3.5 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>" viðbyggingar: L. 9.3 m. br. 11,0 m. h. 7.5 m. ris 3.3 m. kjh. 2.2 m.</p>	
	175.400.-

Gata og númer:

Hafnarstræti 4 og Veltusund 1.

Möt framkvæmd: 1/2/1944	Metið kr.
Flutt	175.400.-
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	286.250.-
e. Opið skýli.	
Stærð: L. 4.5 m. br. 3.5 m. h. 3.3 m.	
Skýlið er virt á.....	1.300.-
Samtals	462.950.-

Húsið eru óbreytt frá síðasta mati 1/2/1944.	
A. Íbúðar-og verzl.hús: L. 10.0 m. br. 10.0 m. h. 5,6 m, ris 2.8 m.	
" Kjallari: L. 7.5 m. br. 4.0 m. h. 2.0 m.	
" Inngönguskúr: L. 3.1 m. br. 3.8 m. h. 5.8 m. skápak.	
" Viðbygging: L. 5.4 m. br. 3.3 m. h. 3.8 m. sl. þak, kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr, viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	239.800.-
B. Íbúðar-og verzl.hús: L. 7.0 m. br. 7.8 m. h. 7.5 m. ris 3.5 m. kjh. 2.2 m.	
" Viðbygging: L. 9.3 m. br. 11.0 m. h. 7.5 m. ris 3.3 m. kjh. 2.2 m.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	40.800.-
C. Opið skýli: L. 4.5 m. br. 3.5 m. h. 3.3 m.	
Skýlið er virt á.....	2.000.-
Samtals	644.600.-

Möti framkvæmd: 2/1/1943.

Metið kr.

Verzlunar- og skrifstofuhús m/m, með rafmagnsmylnu, þrílyft, með stórum kvisti, porti, geirapaki og kjallara. Þess skal þó getið að meginhluti bakhlíðar hússins er fjórlyft. Húsið er úr steinsteypu, járnbentri, bæði útveggir, loft og þeir skilveggir, em ekki eru úr timbri. Þak er úr borðasúð á sperrum, með pappa, listum og eternitskífu, þar yfir, nema á þeim hluta bakhlíðarinnar, sem er fjórlyftur, þar er járnþak yst. Allt er húsið sementssléttað utan. Innan á öllum útveggjum eru "Heraklith"-plötur. Nokkrir skilveggir eru úr binding, með tvöllum þiljum og vírlagðir. Allt þetta er vandlega sementssléttað og ýmist veggfóðrað eða málað. Samt eru nokkrir skilveggir úr timbri, málaðir spjalaskilveggir. Á neðstu hæðinni eru 4 sölubúðir, með tilheyrandi, búðargögnum, matgerðarherbergi, prentstofa, 7 skrifstofur, 6 snyrti- og fataklefar, 6 v.s., 2 anddyri 1 opinn gangur, efnalaug með afgreiðsluherbergi. Á miðhæðinni eru 23 skrifstofuherbergi, 4 eldtrygðir skjalaskápar, 6 snyrti- og fataherbergi, 6 v.s., mylna og fóðurlöndunarsalur, 2 gangar og 2 anddyri. Á efstu hæð eru 24 skrifstofuherbergi, 6 snyrti- og fataklefar, 7 v.s., 3 eldtrygðir skjalaskápar, mylna og fóðurlöndunarsalur, 3 gangar og 2 anddyri. Á þaklyfti eða efstu hæð eru 5 skrifstofur, 2 snyrti og fataklefar og 2 v.s. Allt þetta er með samskonar frágangi eins og er á hinum öðrum hæðum hússins. Auk þessa eru þar 2 stórir vörugeymslusalir, 2 sýnishornaherbergi, umsjónamannsherbergi, mylnuherbergi, gangur og 2 anddyri. Öll þessi herbergi eru þiljuð með panel og olíuborin. Á skambitum eru gólfborð. Þar uppi er þiljað með panel innan á þaksperrum og strokið með fernisolíu. Í kjallaranum eru miðstöðvarherbergi, 4 geymsluherbergi, 2 vélaklefar og 4 fastir skápar. Skilveggir eru úr timbri, nema umhverfis miðstöðvarherbergi og í 3 geymslum eru skápar og hillur. Í kjallaranum eru 2 vörulyftur, fólkslyfta og vörurenna, sem nær allt upp á þaklyfti. Þess skal getið, að kjallarinn er undir allri lóð húseignarinnar. Á húsinu eru 11 vörusýningargluggar með spejlglas-rúðum og skápar við þá. Gúmmí er á gólfum tveggja búðanna, anddyrum og öllum stigum. Anddyri, búðarhurðir og gluggakarmar á neðstu hæð eru úr teackvið.

Stærð: Meðall. 38.8 m. meðalbr. 20.1 m. meðalh. 11.7 m. ris 3.0 m. kjh. 3.0 m. Kjallari hefir sama flatarmál og lóðin.

Húsið, ásamt mylnu, blöndunarvél og tilheyrandi, er virt á..... 1.758.620.-

Ath. Í verðinu er innifalið: Vörulyfta @ 33.000.-, sekkjalyfta @ 20.000.-, fólkslyfta @ 22.000.-, hringrenna @ 8000.- og rörpóstur @ 14.000.-.

Gata og númer:

Hafnarstræti 7.

Möt framkvæmd: 1/7/1942.	Metið kr.
<p>Glerslípunnar-vinnustofa. úr bindingi, klædd utan borðum, á veggjum og með járnþaki á borðasúð. Steinsteypugólf er í húsinu. Þiljað er neðan á þakbita og 1 skilveggjabútur er kominn í það, að öðru leyti er það ósundurhólfað.</p> <p>Stærð: L. 11.0 m. br. 5.4 m. h. 2.6 m. ris 1.1 m.</p> <p>" viðbyggingar: L. 11.0 m. br. 2.7 m. h. 3.1 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	24.430.-

Gata og númer:

Hafnarstræti 8.

Möt framkvæmd: 1/4/1941.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og verzlunarmús, þrílyft, með 4 gluggakvistum, risi og kjallara, úr steinsteypu, sementssléttað utan og með járnþaki á plægðri borðasúð, með pappa á milli. Öll gólf eru úr steinsteypu. Á neðstu hæðinni er sölubúð með búðarinnréttingu, 4 herbergi, v.s. og 2 inngangar. Allt er þetta múrsléttað innan og málað. Í búðinni og öðrum innganginum er flísagólf. Á miðhæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, 2 skápar, v.s., baðherbergi og 2 gangar, allt kalksléttað, málað og veggfóðrað. Á 3. hæð er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og á miðhæðinni. Á rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, þiljuð og máluð og stórt þurkloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 4 geymsluherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, v.s. og gangur. Allir stigar hússins eru úr steinsteypu.</p> <p>Stærð: L. 14.8 m. br. 9.6 m. h. 9.6 m. ris 2.1 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr er byggður eins og húsið.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.7 m. h. 11.2 m. skápak, kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>108.640.-</p>
<p>b. Þifreiðaskúr, úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. Steinsteypugólf er í skúrnum.</p> <p>Stærð: L. 5.0 m. br. 3.0 m. h. 2.5 m. skápak.</p> <p>Skúrin er virtur á.....</p>	<p>1.140.-</p>
	<p>Samtals 109.780.-</p>

Gata og númer:

H a f n a r s t r æ t i 9.

Möt framkvæmd: (2/12/1941) 21/4/1947.

Metið kr.

Verzlunar- og skrifstofuhús, þrílyft, með kvisti, 6 gluggakvistum, portí, risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, bikpappa, listum og bárujárni. Í húsinu eru 4 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Á tveimur neðri hæðunum eru, á hvorri fyrir sig, 4 skrifstofuherbergi, v.s. m/snyrti, 2 anddyri og 2 gangar. Á 3. hæðinni eru 3 skrifstofuherbergi, 2 vörusýnis-hornastofur, v.s. m/snyrti, fastur skápur, anddyri og gangur. Innan á útveggjum neðstu hæðarinnar og öllum stigagöngum eru korkplötur, en allsstaðar annarsstaðar í húsinu er plankagrind, innan á útveggjum, með bikpappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum vírneti, allt sementssléttað. Í nokkrum herbergjum er brjóstpanel með spjaldþiljum frá gólfi til lofts og allar eru þessar hæðir fymist veggfóðraðar eða málaðar. Þaklyftið er notað til vörugymslu. Allt er það þiljað innan, með plægðum panelborðum og stoppað er á milli þaksúðar og þiljanna með sagsþónum. Það er skilveggjalaust. Í kjallaranum eru 2 vörugymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, 2 kólaklefar, v.s., lyftuklefi og 2 gangar. Innan á útveggjum kjallarans er borðagrind, með pappa í, listum og plægðum panelborðum þar innan á og yfir steinsteypugólfi kjallarans er öflugt timburgólf. Veggssvalir eru á suðurhlið hússins. Allir stigar eru úr steinsteypu og á þeim öllum, sem og anddyragöngum og stigapöllum er gúmmisteypa. Stigahandföng eru öll úr mahognivið. Allt er húsið sementssléttað utan.

Stærð: L. 10.3 m. br. 11.0 m. h. 10.5 m. ris 2.8 m. kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

150.720.-

Húsið er óbreytt frá síðasta mati 2/12/1941.

Verzlunarhús: L. 10.3 m. br. 11.0 m. h. 10.5 m. ris 2.8 m. kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

473.000.-

Gata og númer:

H a f n a r s t r æ t i 11.

Möt framkvæmd: 1/2/1943.

Metið kr.

Skrifstofu- verzlunar- og íbúðarhús, fjórlyft, með kvisti, gluggakvistum, porti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, bikpappa og asbest. Í hásinu eru 5 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir úr venjulegri steinsteypu, allt sementssléttað. Á neðstu hæð eru 2 sölubúðir, með borðum, skápum og skúffum, skrifstofuherbergi, saumastofa, v.s., 3 gangar og anddyri og snyrtiherbergi. Á 2. hæð eru 2 skrifstofuherbergi, 2 íbúðarherbergi, v.s., með handlaug, gangur og anddyri. Á 3. hæð eru 5 skrifstofuherbergi, v.s. m/handlaug, baðherbergi, anddyri og gangur. Á þaklyfti eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, þvottaherbergi m/þökkari, búr, v.s., 2 geymsluklefar, þurkherbergi, anddyri og 2 gangar. Á 4. hæð eru 4 íbúðarherbergi og saumaherbergi, eldhús, v.s., fastur skápur, anddyri og gangur, þiljað, múrhúsað og olíumálað. Innan á útveggjum neðstu hæðarinnar stigagangar allra hæðanna, eldhúss og þvottaherbergis þakhæðar eru korkplötur, með ástrengdu vírneti, allt múrsléttað. Innan á öllum öðrum útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, ýmist strigalögðum, eða með spjaldþiljum innan á. Allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í kjallaranum eru 3 vörubirgðarherbergi, miðstöðvarherbergi, 2 kolaklefar, lyftuklefi, v.s., 2 gangar og anddyri. Veggsvaflir eru á suðurhlið hússins. Stigar eru allir úr steinsteypu og allt er húsið sementssléttað utan.

Stærð: L. 10.1 m. br. 10.0 m. h. 12.2 m. ris 1.0 m. kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

234.560.-

Gata og númer:

H a f n a r s t r æ t i 15.

Möt framkvæmd: (1/9/1941) 30/9/1957.	Metið kr.
<p>Skrifstofu- og verzlunarhús, úr bindingi með brotnu þaki, risi og kjallara, klætt utan með kantsettum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á 3 veggjum en eldvarnargafl er að austanverðu. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og járnri. Í útveggi er fyllt með sagspónum. Á neðri hæðinni eru 3 sölubúðir, með búðarinnréttingum, 2 skrifstofur, 2 geymsluherbergi og gangur. Á efri hæðinni eru 8 skrifstofur og gangur. Á rishæðinni eru 8 skrifstofur, herbergi, 2 gangar og 1 skápur. Allt er þetta þiljað og með striga og pappír á veggjum og loftum og allt málað innan. Í húsinu eru 4 v.s. Á skammbitum er gólf. Þar uppi er geymsla. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 8 geymsluherbergi, með steinsteypuskilveggjum og 2 gangar. Stærð: L. 19.2 m. br. 8.8 m. h. 6.1 m. ris 4.1 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>101.444.-</p>
<p><u>Virt 30/9/1957.</u></p> <p>Frá síðasta mati 1/9/1941 eru stærðir hússins óbreyttar, en húsið hefur verið endurbætt, múrhúðað að utan, nýtt þak hefur verið sett á húsið og nýir gluggar settir í.</p> <p>Á 1. hæð hafa innréttingar verið endurnýjaðar og nýjar hurðir settar í. Allt málað og dúklagt að nýju. Terrassó er á gangi og kaffistofu.</p> <p>2. og 3. hæð hafa einnig verið endurbættar eins og 1. hæð.</p> <p>Kjallarinn er óbreyttur frá síðasta mati.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 19.2 m. Br. 8.8 m. H. 6.1 m. Ris 4.1 m. Kj. 2.5 m. = 1.790.98 m³</p> <p>Húsið, með tilheyrandi, er metið á Kr. 1.432.800.00</p>	<p>1.432.800.00</p>

Gata og númer:

Hafnarstræti 16.

Möt framkvæmd: 21/2/1942-15/2/1950.	Metið kr.
<p>a. Verzlunar-, íbúðar- og skrifstofuhús, með kvisti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum á 3 vegu, en með plögum borðum á suðurhlíð og járnri of þakhellu þar yfir og með þaki úr borðasúð, pappa, listum og þakhellu. Í alla útveggi er múrað með múrsteini. Á neðri hæðinni eru skrifstofa, veitingastofa, eldhús og anddyrfi, 2 sölubúðir með búðarinnréttingu og gangur, allt þiljað, lagt striga og pappír á veggjum og loftum, allt málað. Á efri hæðinni eru 2 skrifstofur, 5 herbergi, eldhús, v.s. og gangur og fastur skápur, allt með sama frágangi eins og á neðri hæðinni. Á rishæðinni eru 1 herbergi, þiljað og málað og þurkloft. Kjallari með trégólfi er undir húsinu. Í honum eru hillur.</p>	
Stærð hússins: L. 17.6 m. br. 7.8 m. h. 6.3 m. ris 3.0 m.	
" kjallara: L. 4.4 m. br. 4.4 m. h. 1.9 m.	
Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður úr timbri, járnvarinn. Hann er þiljaður innan. Í honum eru 2 gangar.	
Stærð: L. 8.6 m. br. 2.9 m. h. 5.5 m. skápak.	
Inngönguskúr er við austurgöfl aðal hússins, byggður eins og það að ytra frágangi. Þiljaður innan með panel og málaður. Þar er gangur og geymsluklefi.	
Stærð: L. 2.1 m. br. 0.8 m. h. 2.7 m. skápak.	
Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....	77.035.-
<p>b. Verzlunarskúr m/m, er byggður upp við annað hús, án eldvarnarveggs úr bindingi, með járnþaki á súð. 3 veggir eru klæddir utan með borðum og að nokkru leyti með pappa. Þar er sölubúð og geymsluklefi innan af henni. Hvorutveggja þiljað innan(og)með panel og málað. Ennfremur er þar þvottaherbergi og geymsluherbergi.</p>	
Stærð: L. 10.0 m. br. 4.0 m. h. 2.8 m. skápak	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	4.360.-
<p>c. Geymsluskúr úr timbri, ójárnvarinn. Þak er úr borðasúð, pappa og járn.</p>	
Stærð: L. 3.6 m. br. 2.1 m. h. 2.2 m. skápak.	
Skúrinn er virtur á.....	425.-
Samtals:	81.820.-
<hr/>	
Virt 15/2/1950.	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 21. febrúar 1942, en umbætt innanhúss, sett í það hitaveitu og 2 baðherbergi o. fl.	
A. Verzl- íbúð- og skrifstofuhús: L 17.6 m. br. 7.8 m. h. 6.3 m. ris 3.0 m.	
"	

Möt framkvæmd:	Metið kr.
A. Kjallari : L 4.4 m. br. 4.4 m. h. 1.9 m.	
" inngönguskúr: L 8.6 m. br. 2.9 m. h. 5.5 m. skápak.	
" do : L 2.1 m. br. 0.8 m. h. 2.7 m. skápak.	
Húsið, ásamt inngönguskúrám og tilheyrandi, er virt á.....	324.800.-
B. Verzlunarskúr m/m: L 10.0 m. br. 4.0 m. h. 2.8 m. skápak.	
Verzlunarskúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	25.800.-
C. Geymsluskúr: L 3.6 m. br. 2.1 m. h. 2.2 m. skápak.	
Geymsluskúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	1.700.-
<u>Samtals krónur</u>	<u>352.300.-</u>

Gata og númer:

Hafnarstræti 17.

Möt framkvæmd: (1/5/1942. X 15/1/1946.) 10/8/1948	Metið kr.
<p>a. Verzlunar-, skrifstofu- og íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Eldvarnargafi er vestanvert við húsið. Innan á bindingi er pappi og fyllt er í bitalög með marhálmi. Á neðri hæðinni er sölubúð, alsett borðum, hillum, skápum, skúffum og geymsluherbergi. Allt er þetta þiljað innan og málað. Á efri hæðinni eru skrifstofuherbergi, gangur og fastur skápur, sem allt er þiljað og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Á rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi og framloft. Herbergin eru þiljuð og máluð. Kjallari með timburgólfi er undir öllu húsinu.</p> <p>Stærð: L. 17.6 m. br. 8.8 m. h. 6.3 m. ris 3.0 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það. Í honum er þvottahús, fastur skápur og v.s.</p> <p>Stærð: L. 3.0 m. br. 3.5 m. h. 6.0 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	139.350.-
<p>b. Geymsluskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það. Hann er tvílyftur, allur þiljaður innan. Kjallari með steinsteypuólfi er undir skúrnum.</p> <p>Stærð: L. 10.0 m. br. 3.1 m. h. 4.1 m. skápak, kjh. 1.7 m.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	4.920.-
<p>c. Geymsluhús, byggt eins og litra b.</p> <p>Stærð: L. 17.3 m. br. 8.8 m. h. 3.8 m. ris 1.3 m.</p> <p>Húsið, er virt á</p>	14.450.-
<p>d. Geymsluskúr, úr bindingi, klæddur utan með jární á langböndum, bæði veggir og þak.</p> <p>Stærð: L. 9.2 m. br. 4.4 m. h. 3.4 m. skápak</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	2.760.-
Samtals	161.480.-
<p>Húsið hefir fengið gafngerðar endurbætur utan og innan. Þök sett að mestu ný, endurbætt járn á veggjum, leifar af litra C, rifnar burtu og eldhússkúrinn settur í stand eftir brunatjón 2/7/1945, aðalhäð litra A, klædd inn á útveggi með trétexi, sundurhólfluð í 9 herbergi, sem eru flest lækningarstofur og skrifstofur, sett þar 2 v.s. með þvottaskálum, allt málað, miðstöð sett í húsið og dúkar allir endurnýjaðir. Neðsta hæðin óbreytt. Þar er veitingastofa og vörugeymsla. Í þakhæð hafa verið gerð 6 íbúðarherbergi, skilrúm eru þar</p>	

Gata og númer:

Hafnarstræti 17.

Möt framkvæmd:

Metið kr.

úr trétexi. Geymsluskúr B og eldhússkúr C eru óbreyttir að öðru leyti en því að eldvarnarveggur er við norðurgafli litra C. Girðing úr timbri og járni.	
A. íbúð.- og skrifstofuhús: L. 17.6 m. br. 8.8 m. h. 6.3 m. ris 3.0 m. kjh. 2.5 m.	
Ma inngönguskúrs: L. 3.0 m. br. 3.5 m. h. 6.0 m. skápak, kjh. 2.5 m.	
Ab geymslu- og viðb: L. 10.0 m. br. 3.0 m. h. 4.1 m.	
Ac eldhúss m/viðbygg: L. 10.0 m. br. 4.4 m. h. 3.4 m. skápak.	
Húsið, ásamt As, Ab og Ac og tilheyrandi, er virt á.....	429.400.-
B. Girðingar: L. 28.0 m. h. 2.5 m.	
Girðingin er virt á.....	8.900.-
Samtals	438.300.-
	=====

10/8/1948

Húsið er í aðalatriðum óbreytt frá síðasta mati 15. jan. 1946. Þar sem Gullfoss var áður er nú einn salur og terrassó á nokkrum hluta gólfsins, ennfremur þiljaður skúr á sömu hæð.

Íbúðar og skrifstofuhús: L 17.6 m. br. 8.8 m. h. 6.3 m. ris 3.0 m. kj. 2.5 m.	
Inngönguskúr : L 3.0 m. br. 3.5 m. h. 6.0 m. skápak kj. 2.5 m.	
Geymsluskúr og viðbygg: L 10.0 m. br. 3.0 m. h. 4.1 m. skápak.	
Eldhús m/viðbyggingu : L 10.0 m. br. 4.4 m. h. 3.4 m. skápak.	
Girðingar : L 28.0 m. hæð 2.5 m.	
Húsið, ásamt öllum viðbyggingum, girðingum og tilheyrandi, er virt á.....	<u>540.000.00</u>

Gata og númer:

Tryggvagata / Hafnarstræti 17

Möt framkvæmd: (9/3/1950.) 30/12 1955.	Metið kr.
<p>Vörugeymsluhús úr timbri aljárnvarið, óeinangrað, ósundurhólfað, nema smá-afgreiðsluklefi timburklæddur innan, en með hillum; steingólf.</p> <p>Stærð hússins: L 13.5 m. br. 10.5 m. h. 2.6 m. ris 4.0 m.</p> <p>" útskots: L 6.0 m. br. 1.0 m. h. 2.6 m. ris 1.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p style="text-align: right;"><u>67.100.-</u></p>
<p><u>Virt 30/12 1955.</u></p> <p>Húsið hefir tekið þeirri breytingu frá síðasta mati 9. marz 1950, að þar er komin verzlun. Þar er nú hitaveita, dúkar á gólfum og málað, snyrtiherbergi, búðar-gluggar m/tvöföldu gleri og nýr inngangur, en stærðir óbreyttar. Port, sem var austan við húsið, hefir nú verið yfirbyggt til geymslu.</p> <p>A. Verzl. hús : L. 13.5 m. Br. 10.5 m. H. 2.6 m. ris 4.0 m.</p> <p>" Útskot : L. 6.0 m. Br. 1.0 m. H. 2.6 m. ris 1.0 m. Alls 670.65 m³</p> <p>" Húsið, með útskoti og tilheyrandi, er metið á kr. 402.400.00</p> <p>B. Viðbygging: L. 14.8 m. Br. 9.0 m. H. 3.6 m. ris 1.8 m. Alls 519.48 m³</p> <p>" Viðbyggingin (geymslan) með tilheyrandi, er metið á kr. 103.900.00</p> <p style="text-align: right;"><u>Kr. 506.300.00</u></p>	

Möt framkvæmd: (1/5/1943.) 31/10 1955	Metið kr.
<p>a. Veitinga-, verzlunar- og skrifstofuhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og jární á veggjum og þaki. Á aðalhæðinni eru 3 sölubúðir. Ein þeirra er með borðum, skúffum, skápum og hillum. Ennfremur eru 2 skrifstofur, veitingastofa, v.s. og 2 gangar. Allt er þetta þiljað innan á binding með panel og flest herbergin, lögð striga og pappír og allt ýmist málað eða veggfóðrað. Á þakhæðinni eru 3 kvistir og 4 sluggakvistir á norðurhlíð hússins. Á þeirri hæð eru skrifstofuherbergi, 2v.s., eldhús og gangur eftir endilöngu húsinu, allt með sama frágangi eins og á aðalhæðinni. Á skambitum er gólf. Þar uppi er geymsla. Kjallari er undir rúmlega $\frac{1}{2}$ húsinu, með steinsteypugólfi, þar er miðstöðvarherbergi, 3 geymsluherbergi og gangur. Skilveggir kjallarans eru úr steinsteypu.</p> <p>Stærð: L. 26.8 m. br. 6.4 m. h. 3.6 m. ris 3.0 m. kj.st. l. 13.5 m. br. 6.4 m. h. 2.0 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurhlíð aðalhússins, byggður eins og það. Þar eru 2 gangar.</p> <p>Stærð: L. 3.0 m. br. 2.0 m. h. 5.0 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	147.700.-
<p>b. Viðbygging er við suðurhlíð hússins, byggð eins og það. Á neðri hæðinni er skrifstofuherbergi, kaffisöluherbergi og eldhús, allt þiljað og málað. Á efri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt með sama frágangi eins og á neðri hæðinni. Á þakbitum er gólf. Þar er geymsla.</p> <p>Stærð: L. 6.0 m. br. 7.6 m. h. 5.6 m. ris 1.0 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Viðbyggingi, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	34.600.-
<p>c. Geymsluskúr, úr bindingi, klæddur utan borðum og með járnþaki á langböndum. Hann er hólfður í 3 geymsluklefa.</p> <p>Stærð: L. 7.6 m. br. 4.0 m. h. 2.0 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	1.800.-
<p>d. Geymsluskúr, úr steinsteypu, á 2 vegu og með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli.</p> <p>Stærð: L. 9.1 m. br. 3.8 m. h. 2.8 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	5.820.-
<p>e. Skrifstofuskúr, úr steinsteypu á 2 vegu en að öðru leyti úr timbri og með þaki úr borðasúð, pappa og jární. Þar eru 3 herbergi, öll þiljuð, með panel og máluð. Þar er timburgólf. Einnig er geymsluklefi í skúrnum.</p> <p>Stærð: L. 7.3 m. br. 2.4 m. h. 2.8 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	3.920.-
	Samtals 193.840.-

Gata og númer:

Möt framkvæmd: 31/10 1955

Metið kr.

Virt 31/10 1955.

Húsið hefir tekið nokkrum breytingum frá síðasta mati 1. maí 1943. Það hefir verið stækkað og staflaðir C, D og E rifnir, en ný bygging komin í staðinn, ný viðbygging við austurgafi, byggð úr timbri, einangruð með gosull og klædd vatnslæðningu, bárujárni á þaki. Verzlun er í viðbyggingunni að austan, en í endurbyggð. skúrarnir, í porti og geymslupláss. Gamla húsið hefir líka að mestu verið klætt masonit, eikarklæðning, allur pappi og veggfóður rifið burt. Þak sett nýtt. Geymslur allar klæddar texti, dúkar á gólfum.

A. Verzl. -veitingah. : L. 26.8 m. Br. 6.4 m. H. 3.6 m. ris 3.0 m. =	
" Kjallari : L. 13.5 m. Br. 6.4 m. H. 2.0 m.	
" Inngönguskúr : L. 3.0 m. Br. 2.0 m. H. 5.0 m. skápak	Alls 1077.55m ³
" Húsið með inngönguskúr og tilheyrandi, er metið á	kr. 700.500.00
B. Viðbygg. v/Suðurhl.: L. 6.0 m. Br. 7.6 m. H. 5.6 m. ris 1.0 m. kj. 2.0 m.	= 369.36m ³
" Viðbyggingin með tilheyrandi, er metin á	kr. 206.800.00
C. Verzlunarskúr : L. 7.0 m. Br. 7.0 m. H. 3.3 m. skápak	= 161.70 m ³
" Skúrinn, með tilheyrandi, er metinn á	kr. 88.900.00
D. Geymsla : L. 7.2 m. Br. 5.0 m. H. 3.0 m. skápak	= 108.0 m ³
" Geymslan með tilheyrandi, er metin á	kr. 43.200.00
E. Geymsla : L. 4.5 m. Br. 4.0 m. H. 2.7 m. skápak	= 48.60m ³
" Geymslan, með tilheyrandi, er metin á	kr. 14.600.00
	<u>Kr. 1.054.000.00</u>

Möt framkvæmd: 1/6/1941.	Metið kr.
<p>a. Verzlunar- og skrifstofuhús, brílyft, úr steinsteypu á 3 vegu og nokkur hluti 4. hliðarinnar, þar sem það er ekki áfast við eldra húsið, litra b. Þak er úr bárujárni á borðasúð, með pappa á milli. Á neðstu hæðinni eru 2 sölubúðir, með 6 stórum vörusýningargluggum og 2 gangar. Skilveggir eru úr binding með tvöföldum þiljum. Á þiljurnar er strengt vírnet og múrsléttað á það. Gólf og loft eru úr steinsteypu, allt sementsléttað og málað. Á miðhæðinni eru 7 herbergi, 2 v.s. og gangur, allt með sama frágangi eins og á neðstu hæðinni. Á efstu hæð eru 6 herbergi, baðherbergi og gangur, einnig með sama frágangi eins og á neðstu hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Í honum er eldtryggur skápur, eða klefi, en að öðru leyti, er kjallarinn ekki hólfaður í sundur.</p> <p>Stærð: L. 25.4 m. br. 7.8 m. h. 10.5 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p>	174.205.-
<p>b. Verzlunarahús, úr binding, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Þetta hús er áfast við litra a. Á neðstu hæðinni er sölubúð með tilheyrandi búðarinnréttingu, 2 skrifstofur og 2 gangar, allt þiljað innan með panel og málað. Á miðhæðinni eru 4 herbergi og 2 gangar, allt þiljað, lagt striga og pappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Á efstu hæðinni er 1 íbúðarherbergi, eldhús, búr, 2 geymsluherbergi, v.s., skápur og gangur, allt með sama frágangi eins og á miðhæðinni. Undir húsinu eru 2 kjallarakleifar fyrir miðstöðvarofn og kól.</p> <p>Stærð: L. 12.7 m. br. 7.5 m. meðalh. 8.0 m. skápak.</p>	56.400.-
<p>c. Geymsluhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Það er allt þiljað innan.</p> <p>Stærð: L. 17.0 m. br. 5.7 m. h. 3.1 m. kjh. 2.0 m. ris 1.3 m.</p>	11.260.-
<p>d. Verzlunarahús, úr binding, klætt utan plögðum borðum, pappa, listum og járni þar yfir á veggjum og þaki. Þar er sölubúð, 2 herbergi og eldhús, sem allt er þiljað og herbergin og eldhúsið málað. Innan á búðarveggjum eru vírnet og kalksléttað innan á það. Steinsteypugólf er í 2/3 hluta af húsinu, en trégólf í hinum hluta þess.</p> <p>Stærð: L. 15.1 m. br. 5.1 m. h. 3.5 m. skápak.</p>	8.800.-
Samtals	250.665.-

Möt framkvæmd: 23/11/1964

Metið kr.

Virt 23/11/1964

- A. 1. hæð þar eru 3 sölubúðir og eru allar innréttingar endurnýjaðar frá síðasta mati 1/6/1941. 2. og 3 hæð eru óbreyttar að fyrirkomulagi, en allt hefur verið endurbætt þar. Settir nýir gluggar, og hitakerfi endurbætt. Kjallarinn er óbreyttur 2 stigahús hafa verið klædd innan með viðarþiljum og nýr plastdúkur á stigum og göngum.
- B. Fyrirkomulag að mestu óbreytt, en innréttingar allar endurnýjaðar.
- C. og D. hefur allt verið endurbyggt, þar er nú 2 verzlanager, hreinlætist. og tóbaksbúð og ein vörugemysla þar hefur verið steipt gólf. Stúkað í sundur með timbur veggjum einangraður með plasti. 1 v. s. m/handlaug.

Stærð hússins:

A.	L. 25.4 m., br 7.8 m., h. 10.5 m., ris skáp. kj. 2.5 m.	= 2.575.56 m ³	5.022.000.-
B.	L. 12.7 m., br. 7.5 m., h. 8.0 m., ris skáp. kj.	= 762.00 m ³	1.402.000.-
C.	L. 17.0 m., br. 5.7 m., h. 3.1 m., ris 1.3 m kj. 2.0 m.	= 552.33 m ³	680.000.-
D.	L. 15.1 m., br. 5.1 m., h. 3.5 m.,	= 270.00 m ³	332.000.-
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á			kr. 7.436.000.-

Virt 23/2 1977.

1. hæð:

Endurnýjaðar innréttingar, bakhús hefur verið sameinuð 1. hæð (ein heild)

málað og dúklegt.

2. hæð:

Endurnýjaðar raflagnir ofl.

3. hæð:

Sama og 2 hæð.

Stærðir óbreyttar.

Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á..... kr. 114.496.000

Gata og númer: HAFNARSTRÆTI 20

Mót framkvæmd: 31.03.80.	Metið kr.
<p>Nýtt verslunarhús, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, múrhúðað að utan og með bárujárnspaki. Húsið er 3 hæðir.</p> <p>Á 1. hæð eru 3 verslanir, anddyri, biðsalur S.V.R., salerni fyrir karla og konur, lyfta, blómasala, veitingasalur.</p> <p>Á 2. hæð eru 3 skrifstofur, 2 læknaherbergi, biðstofa, verkstæði, 3 salerni með tilh., verslun, óráðstafað pláss, geymsla.</p> <p>Á 3. hæð eru 3 skrifstofuherb., fundarh., móttökuh., salerni með tilh., stigi, næstiklefi.</p> <p><u>Stærð hússins:</u></p> <p>1. hæð 435,8 m²</p> <p>2. hæð 593,9 m²</p> <p>3. hæð 438,7 m²</p> <p>+ pris Samtals 5.150 m³</p> <p>Húsið með tilh. er metið á</p>	<p>437.750.000,-</p>

Gata og númer:

Hafnarstræti 21.

Möt framkvæmd: (25/10/1945.)	Metið kr.
<p>a. Verzlunar- og bílaafgreiðsluhús, tvílyft, úr bindingi, klætt utan plögðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Í neðri hæð hússins eru 2 skrifstofur m/bílaafgreiðslu. Hinn hlutinn er járnvöruverzlun. Allt þiljað innan, með plögðum borðum og málað. Í efri hæðinni eru 3 herbergi, öll þiljuð innan og ýmist veggfáðruð eða máluð. Kjallari með steinsteypugólf er undir öllu húsinu. Hann er hólfaður í þrennt með steinskilveggjum.</p> <p>Stærð: L. 23.9 m. br. 7.5 m. h. 5.0 m. ris 1.9 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	216.100.-
<p>b. Verzlunar- og geymsluhús, er við austurhlið litra a, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járnri á veggjum og þaki. Í því eru sölubúð, allt þiljað innan á binding með plögðum panel og málað. Hinn hluti skúrsins er geymsla.</p> <p>Stærð: L. 5.5 m. br. 12.7 m. h. 3.1 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	30.200.-
<p>c. Skúr, áfastur við norðurhlið litra a, úr bindingi, klæddur utan borðum, á veggjum og með járnþaki á langböndum. Þiljað er neðan á loftbita. Steinsteypugólf er í honum og timbur ofan á nokkrum hluta þess.</p> <p>Stærð: L. 24.5 m. br. 5.0 m. h. 2.8 m. skáþak, kjh. 2.2 m.</p> <p>Skúrin er virtur á</p>	23.500.-
<p>d. Geymsluhús, með risi er byggt á sömu lóð úr bindingi, klætt utan borðum og skífu á 3 vegu og þaki, en með járnri á norðurgafli. Í binding er húsið allt sléttað með kalki að innan. Í húsinu er loft og gólf.</p> <p>Stærð: L. 8.3 m. br. 11.6 m. h. 3.1 m. ris 4.0 m.</p> <p>Húsið, er virt á.....</p>	34.300.-
<p>e. Geymsluskúr, áfastur við litra d, úr bindingi, klædd utan borðum, pappa, listum og járnri á veggjum og með járnþaki á langböndum. Í honum er 1 afgreiðsluherbergi geymsla. Steinsteypugólf er í skúrnum.</p> <p>Stærð: L. 6.1 m. br. 8.5 m. h. 2.8 m. skáþak.</p> <p>Skúrin er virtur á.....</p>	5.075.-
	Samtals 138.700.-

Gata og númer:

Hafnarstræti 22.

Möt framkvæmd: (1/4/1942.) 21/4/1947.	Metið kr.
<p>Íbúðar- og verzlunarhús, tvílyft, úr bindingi, klætt utan plögðum borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í útveggi er múrað í binding. Á neðri hæð hússins er bókaverzlun, með borði og hillum, 4 herbergi, skrifstofur og gangur. Sumt af þessu er biljað, sumt kalkdregið og sumt með striga og pappír, allt málað. Á efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur, allt með sama frágangi eins og á neðri hæðinni. Á rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., gangur, geymsluherbergi og 4 skápar. Íbúðarherbergin eru biljuð, strigalögð, veggfóðruð og máluð.</p>	
Stærð: L. 12.6 m. br. 7.8 m. h. 5.5 m. ris 2.9 m.	
Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það. Þó er eldvarnarveggur ein hlíð hans.	
Stærð: L. 3.1 m. br. 5.0 m. h. 5.0 m. skápak.	
Inngöngu- og geymsluskúr er við vesturgafli hússins, byggður úr binding, klæddur utan borðum, pappa og járn á veggjum og þaki. Í honum er steinsteypugólf.	
Stærð: L. 2.0 m. br. 5.4 m. h. 2.2 m. skápak.	
Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....	78.400.-
=====	
Húsið er í aðalatriðum óbreytt frá síðasta mati 21/4/1947.	
Verzl.-skrifstofuhús: L. 12.6 m. br. 7.8 m. h. 5.5 m. ris 2.9 m.	
Inngönguskúr: L. 3.1 m. br. 5.0 m. h. 5.0 m. skápak.	
Do: L. 2.0 m. br. 5.4 m. h. 2.2 m. skápak.	
Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....	77739 ³ 173.400.-
=====	

Gata og númer:

Hafnarstræti 23.

Möt framkvæmd: (1/5/1943.) 18/9/1946.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og skrifstofuhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og jární á veggjum. Þak er úr borðasúð og þakhellu. Á aðalhæðinni eru 3 skrifstofur og anddyri. Á rishæðinni eru 2 skrifstofur, 1 íbúðarherbergi og gangur. Allt er húsið þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Kjallari er undir húsinu til geymslu.</p>	
Stærð: L. 21.0 m. br. 7.7 m. h. 2.8 m. ris 3.4 m.	
Kj.st. L. 8.2 m. br. 5.7 m. h. 2.0 m.	
Útskot er við vesturhlið aðalhússins, byggt eins og það.	
Stærð: L. 2.2 m. br. 5.0 m. h. 2.8 m. skápak	
Skúr er við vesturhlið aðalhússins, úr binding, klæddur utan jární á borðasúð. Þar er fataherbergi, kaffistofa, snyrti m/v.s. Allt er þetta þiljað, veggfóðrað og málað. Auk þessa er þar einangraður steinsteypuklefi, með stálhurð fyrir til geymslu á skjala og peningaskáp úr jární.	
Stærð: L. 8.5 m. br. 5.0 m. h. 3.0 m. skápak.	
Íbúðarhús, úr múrsteini, sem hlaðið er upp í trébindingi, klætt utan með borðum og jární á veggjum og með hellubaki á bykkum langböndum. Á aðalhæðinni er 1 íbúðarherbergi, eldhús, búr, gangur og þvottahús. Á rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, geymsluherbergi og gangur..	
Stærð: L. 9.3 m. br. 6.3 m. h. 2.7 m. ris 4.1 m. kjh. 1.9 m.	
Húsin, ásamt tilheyrandi, eru virt á.....	188.580.-
b. Bifreiða-afgreiðslustöð m/viðgerðarstofu, einlyft, með risi, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Innan á útveggjum og neðan á loftbitum afgreiðslunnar eru þiljur, sumar þeirra v-írlagðar og múrsléttáðar, en allar málaðar. Þar sem viðgerðin fer fram, eru einfaldir steinsteypuveggir. Gólf er allt úr steinsteypu. Húsið er múrhúðað utan. Í húsinu eru, biðstofa, afgreiðsluherbergi, 2 fataklefar, 2 v.s. Ökumannaherbergi, olíusöluherbergi, 2 gangar, viðgerðar- og lyftusalur, vinnherbergi og geymsluherbergi.	
Stærð afgreiðslu: L. 9.6 m. br. 4.0 m. h. 3.1 m. ris 0.8 m.	
" olíusölu: L. 4.5 m. br. 7.3 m. h. 3.1 m. ris 0.8 m.	
" Viðgerðarh: L.10.2 m. br. 7.3 m. h. 3.6 m. ris 1.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	126.520.-
	Samtals 315.100.-
=====	=====

Gata og númer:

Hafnarstræti 23.

Möt framkvæmd:	Metið kr.
Húsin eru óbreytt frá síðasta mati 1/5/1943.	
A. Skrifstofuhús: L. 21.0 m. br. 7.7 m. h. 2.8 m. ris 3.4 m.	
" Kjallari: L. 8.2 m. br. 5.7 m. h. 2.0 m.	
" Útskot: L. 2.2 m. br. 5.0 m. h. 2.8 m.	
" Viðbyggingar: L. 9.3 m. br. 6.3 m. h. 2.7 m. ris 4.1 m. kjh. 1.9 m.	
" Skúr v/aðalh: L. 8.5 m, br. 5.0 m. h. 3.0 m. skápak. = 1366.00 m ³	
B. Afgreiðsluhús: L. 9.6 m. br. 4.0 m. h. 3.1 m. ris 0.8 m.	
" Viðgerðarhús: L. 10.2 m. br. 7.3 m. h. 3.6 m. ris 1.0 m.	
" Oliuhús: L. 4.5 m. br. 7.3 m. h. 3.1 m. ris 0.8 m. = 555.00 m ³	
Litra A, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	286.600.-
" B, " - " - " " ".....	166.200.-
	<u>Samtals</u> 452.800.-
	=====
	Brunabótamat 1972 er kr. 7.320.000.-